

MOSFELLINGUR

4. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 1. APRÍL 2021 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Anna Lilja og Anna Sigga misstu ungar maka sína • Mikilvægt að vera til staðar

Sorgarferlið ansi flókið



Það vilja allir vera til staðar og gera eitthvað fyrir þann sem á um sárt að binda. Það þekkja vinkonurnar Anna Lilja Marteinsdóttir og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir. Þær eru þrítugar vinkonur sem báðar búa í Mosó og misstu maka sína allt of snemma.

Þær hafa opnað vefsíðuna Tilstaðar.is þar sem hægt er að kaupa eins konar samúðargjöf eða box með litlum glaðningi fyrir þann sem þarf hvað mest á stuðningi að halda.

Sameiginleg reynsla

Þær segja sorgarferlið vera ansi flókið og dagarnir misjafnir, sumir ósköp venjulegir en aðrir svo erfiðir að þeir virðast óyfirstigalegir.

„Þetta er einungis framtak sem sprottið er af þessari sameiginlegu reynslu okkar og við teljum að vanti á markaðinn. Það er gott að geta miðlað af reynslu okkar öðrum til góða.“
»10

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Gerplustræti - tveggja herbergja

Falleg 62,5 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi við Gerplustræti 33 í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stærð eignarinnar er 62,5 m², þar af er íbúð 55,8 m² og 6,7 m² geymsla í kjallara.

V. 39,9 m.



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

Alla leið
á öruggari
dekkjum

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a
Mosfellsbæ



Mosfellingurinn Ragnheiður Þorvaldsdóttir reiðkennari og tamningakona

Sérhæfir sig í sirkus-
þjálfun hesta »24

Gledilega páska



Mosfellsbakari - Háholti 13-15 - 5666145
mosfellsbakari.is - mosbak@mosbak.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkort: Hjördís Kvaran Einarsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 22. apríl

Fjórðu bylgju páskar

Páskablað Mosfellings er komið út og þú ert blessunarlega að lesa það. Forsíðuna prýða Önnur tvær sem gengið hafa í gegnum sömu lífsreynsluna, að missa maka langt fyrir aldur fram.



Nú veita þær góð ráð til þeirra sem þurfa á hjálp að halda og ekki síst þeirra sem vilja vera til staðar fyrir þá sem eiga um sárt að binda.

Hver tengir ekki við það að vita ekkert hvernig skal haga sér þegar

most á reynir? En nú er hægt að leita í reynslubankann hjá þeim sem virkilega vita hvað kemur sér best. Við að sjálfsögðu sendum þriðju Önnuna á staðinn til að taka viðtalið. Takk fyrir að deila reynslunni með okkur Anna Lilja, Anna Sigga og Anna Ólöf.

Við óskum ykkur Mosfellingum gleðilegra páska og farið varlega í fjórðu bylgjunni. Fólk er beðið um að ferðast ekki á milli landshluta né fara í sumarbústaði. Skíðasvæðin eru lokuð enda er 10 manna samkomubann í gildi. Guð sé lof að gosið er opið.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellings



ÍS FUGL

www.isfugl.is



Í PÁ GÖMLU GÓÐU...

Mosfellspósturinn 1988 Hringtorg og undirgöng við Brúarland og Álafossvegamót

Á myndinni sér yfir framkvæmdirnar við Brúarland. Næst eru undirgöngin, sem tryggja eiga örugga umferð fótgangandi á milli Teigahverfis og skólasmæðisins að Varmá en fjær sést í hringtorgið við Álafossveg.

Mynd og texti: Mosfellspósturinn í september 1988.



Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði



Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór Einarsson
Lögg. fasteignasali



Egilína S. Guðgeirsdóttir



Hildur Ólafsdóttir



Þórhildur M. Sandholt
Lögg. fasteignasali



Sigurður Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodor Emil Karlsson



BERJABRAUT

Mjög fallegt heilárhús á tveimur hæðum á steiptum grunni á fallegum útsýnisstað við Berjabraut 12 í landi Hálsar í Kjósahrepp. Góð staðsetning í 30 mín akstri frá Reykjavík. Húsið er skráð 83,2 m² en auk þess er ca. 15 m² hús með við hlið hússins. Glæsilegt ústygni. Gólfhliti. Lóðarleigusali sér um snjómokstur á svæðinu. **V. 39,9 m.**



TRÖLLATEIGUR

Einbýlishús á tveimur hæðum ásamt stórum bílskúr á stórrí fallegri lóð við Tröllateig 53 miðsvæðis í Mosfellsbæ. Eignin er skráð 233,9 m², þar af íbúðarhlutinn á tveimur hæðum 175,4 m² og bílskúrin 58,5 m². Góð staðsetning. Stutt í verslanir og alla helstu þjónustu, skóla, sund og íþróttamiðstöðina að Varmá. **V. 98,7 m.**



BLIKAHÖFÐI

Eignin er eingöngu til sölu í skiptum á dýrara raðhúsi, parhúsi eða einbýlishúsi með 3-4 svefnherbergjum í sama hverfi. Verð allt að 90 milljónir. Falleg 100,3 m², 4ra herbergja íbúð með stórrí afgirtri timburverönd á 1. hæð ásamt 27,6 m² bílskúr við Blikahöfða 1 í Mosfellsbæ.



RAUÐAMÝRI

Mjög rúmgóð og björt 112,7 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Eignin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. Hunda- og kattahald er leyft í húsinu eins lengi og þau valda ekki óþrífnaði eða raska ró. **V. 53,0 m.**



STÓRIKRIKI

Rúmgóð og björt 87,1 m², tveggja herbergja íbúð á 3. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir í suðausturátt. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofu. Vinsæl staðsetning miðsvæðis. Eignin er skráð 87,1 m², íbúð 77,5 m² og geymsla 9,6 m². **V. 45,9 m.**



LEIRVOGSTUNGA

Fallegt einbýlishús, í byggingu, við Leirvogstungu 1. Eignin er skráð 196,2 m², þar af einbýlishús 153,1 m² og bílskúr 43,1 m² og afhendist tilbúin til innréttinga samkvæmt skilalýsingu seljanda. Mikil lofthæð. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. **V. 84,9 m.**

VILTU SELJA?

Ertu í söluhugleiðingum eða að velta fyrir þér að kaupa fasteign?

**VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR OKKUR
ALLAR GERÐIR EIGNA TIL SÖLU**



Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali
svanthor@fastmos.is
S: 698 8555



Sigurður Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali
sigurdur@fastmos.is
S: 899 1987

**Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur verið rekin í Mosfellsbæ síðan 1998
og hefur lagt metnað sinn í þjónusta Mosfellinga frá upphafi.**

Hugmyndasöfnun í Okkar Mosó til 6. apríl

Ertu með góða hugmynd? Hvað vantar í hverfið þitt? Hvað gerir bæinn betri? Nú stýttist í að hugmyndasöfnun vegna Okkar Mosó 2021 ljúki. Megin markmið verkefnisins er að virkja íbúa til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að senda inn fjölbreyttar hugmyndir að góðum verkefnum í bænum. Hugmyndirnar geta tengst því að gera Mosfellsbæ betri, skapa eitthvað nýtt, efla hreyfingu, hafa jákvæð áhrif á umhverfi og íbúa til útivistar og samveru, bættar lýðheilsu eða aðstöðu til leikja- og skemmtunar. Gert er ráð fyrir að verja allt að 35 milljónum króna í þau verkefni sem hljóta brautargengi í kosningunni sem fer fram. Hver hugmynd þarf að vera vel útskýrð og með nákvæma staðsetningu. Það auðveldar fólki að meta hugmyndina og hvort þau vilja gefa henni atkvæði. Íbúar fá að kjósa dagana 31. maí til 6. júní um hugmyndir sem fara í framkvæmd.



Öryggisreglur þverbrotnar í Sunnukrika

Öryggisreglum var ekki fylgt og verkferlar þverbrotnar við byggingu nýbyggingar í Sunnukrika í fyrra þar sem einn lést og annar slasaðist alvarlega. Þetta er niðurstaða Vinnueftirlitsins. Mennirnir féllu niður átta metra á steypt gólf og annar lenti undir þungum plötum. Burðarvirki gaf sig og tveir menn féllu af annarri hæð ásamt niðrþungum plötum. Vinnueftirlitið kom strax á staðinn og hefur nú skilað skýrslu. Þar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við verkferla og öryggi starfsmanna. Þriðji maðurinn slapp naumlega. Hann hafði stýrt krana, án réttinda, sem hífði plöturnar upp og hinir tóku á móti. Mennirnir sáu fljótt að plöturnar voru skakkar á stöðunum og þegar þeir ætluðu að athuga það betur gáfu þær sig og mennirnir tveir féllu 8 metra niður á steypt gólf. Annar varð undir plötunum og lést á slyssstað en hinn slasaðist alvarlega. Reglur og verkferlar virðast hafa verið þverbrotnar, sem orsakaði slysið.

KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

Votlendissvæði átt undir högg að sækja • Fitjasef aðeins á tveimur stöðum á landinu

Friðland við Varmárósa stækkað - nær nú til þrisvar sinnum stærra svæðis

Umhverfis- og auðlindaráherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, hefur skrifað undir stækkun á friðlandinu við Varmárósa í Mosfellsbæ.

Með stækkuninni er svæðið sem friðlýsingin tekur til um 0,3 ferkílómetrar að flatarmáli (30 hektarar), sem er um þrisvar sinnum stærra svæði en áður var, og hefur það markmið að vernda náttúrulegt ástand votlendis og sérstakan gróður sem á svæðinu er að finna.

Varmárósar voru fyrst friðlýstir árið 1980 og friðlýsingin svo endurskoðuð árin 1987 og 2012, en svæðið hefur verið á náttúru-minjaskrá frá árinu 1978.

Verndargildi svæðisins

Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í því að þar er að finna fágæta plöntutegund, fitjasef (Juncus gerardii), sem vex þar í þéttum breiðum. Stækkað friðland Varmárósa nær einnig yfir mikilvægt fæðusvæði ýmissa fuglategunda og búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda.

Varmárósar eru annar af tveimur þekktum fundarstöðum fitjasefs hérlendis en tegundin hefur verið á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2018.

„Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur fylgst náið með þessu verkefni og stutt tillögur og vinnu umhverfisnefndar í hvívetna. Verndun og endurheimt votlendissvæða eru mikilvæg verkefni á sviði umhverfismála og samvinna Mosfellsbæjar við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og umhverfisstofnun í þessu verkefni hefur verið mjög farsæl.“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Votlendissvæði hafa átt undir högg að sækja undanfarna áratugi. Ég tel mikilvægt



UNDIRRITUN VIÐ VARMÁRÓSA

að við náum að tryggja vernd þeirra og endurheimt og fagna því að finna hve ríkur vilji hefur verið af hálfu Mosfellinga til að stuðla að vernd þessa einstaka svæðis.

Friðlýsing svæðisins hefur fram til þessa og mun enn frekar hér eftir stuðla að því að íbúar og gestir svæðisins geti notið þess fjölskrúðuga lífs sem finna má í fjöru og á landi við þessa fallegu árósa.“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráherra við undirritun friðlýsingarinnar.

Viðstaddir voru fulltrúar bæjarstjórnar og umhverfisnefndar Mosfellsbæjar, ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins og fulltrúum Umhverfisstofnunar og ráðuneytisins, en stækkunin hefur verið unnin í góðu samráði og samvinnu fulltrúa þessara aðila.



FITJASEF Á VÁLISTA

Fitjasef er hávaxin tegund sefs. Fitjasef er afar sjaldgæft á Íslandi og finnst aðeins á tveimur stöðum á landinu.

Afmælisveisla haldin 17. mars • Stofnfélagar á meðal gesta • Davíð og Stefán skemmtu

RÓTARÝKLÚBBURINN 40 ÁRA



SEX AF STOFNFÉLÖGUM ÁSAMT FORSETA KLÚBBSINS

Rótarýklúbbur Mosfellsveitar átti 40 ára afmæli 17. mars og var haldinn glæsileg afmælisveisla hjá Vigni Kristjánssyni í glæsilegum veislusal Lágmulanum. 50 gestir mættu og komust færri að en vildu, vegna sóttvarnarreglna.

Meðal gesta voru sex stofnfélagar, Guðmundur Bang, Hilmar Sigurðsson, Davíð Atli Oddsson, Georg Tryggvason, Örn Höskuldsson og Sveinn Frímansson. Á myndinni má sjá stofnfélagana ásamt Elísabetu S. Ólafsdóttur forseta Rótarýklúbbs Mosfellsbæjar.

Söngvaranir Davíð Ólafsson, Stefán Helgi Stefánsson ásamt Helga Má Hannessyni skemmtu gestum eins og þeim einum er lagið.

Rótarý er alþjóðleg hreyfing fólks úr viðskipta- og atvinnulífi og opinberri þjónustu sem stendur fyrir mannúðar- og menningarstarfi, stuðlar að sem bestu siðgæði í öllum starfsgreinum og hvetur til góðvildar og friðar í heiminum.

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Hlé verður gert á safnaðarstarfi Lágafellssóknar vegna ástandsins í þjóðfélaginu næstu 3 vikurnar.

Páskahelgihald, sunnudagaskóli, æskulýðsstarf, og kórastarf fellur niður í kirkjunni en verður auglýst sérstaklega ef það verður á netinu. Prestar kirkjunnar hafa svo samband við foreldra fermingarbarna varðandi útfærslur á næstu athöfnum. Fylgist endilega með á heimasíðunni okkar og á samfélagsmiðlum.

Guð gefi ykkur gleðiríka páska. lagafellskirkja.is



PLUG INTO MORE
ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER
4xe



*VERÐ MIÐAÐST VIÐ GENGI USD 128

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á
SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000*

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BODI FRÁ KR. 300.000

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU. VÆNTANLEGUR Í BYRJUN SUMARS.

Opið fyrir umsóknir í Klörusjóð til 15. apríl

Klörusjóður er nýsköpunar- og þróunarsjóður skóla- og frístundastarfs í Mosfellsbæ. Markmið Klörusjóðs er að stuðla að framþróun á skóla- og frístundastarfi. Heildar framlag til sjóðsins árið 2021 eru tvær milljónir og í ár er áherslan lögð á fjölbreytta kennsluhætti.



Opið er fyrir umsóknir í sjóðinn vefsíðu Mosfellsbæjar til 15. apríl. Nafn sjóðsins er Klörusjóður, til heiðurs Klöru Klængsdóttur (1920-2011). Klara útskrifaðist frá Kennaraskóla Íslands árið 1939 og hóf sama ár kennslu við Brúarlandsskóla. Hún starfaði alla sína starfsævi sem kennari í Mosfellsbæ.

Samkeppni um nafn á eldri deildina

Við skiptingu Varmárskóla mun yngri deildin bera áfam nafnið Varmárskóli en finna þarf nýtt nafn á eldri deildin sem tilheyrir 7.-10. bekk. Efnt hefur verið til nafnasamkeppni og eru allir áhugasamir hvattir til að koma með tillögur að nýju nafni á nýjum skóla. Hægt er að skila tillögum inn í gegnum slóðina mos.is/nafnasamkeppni2021. Frestur til að skila inn tillögum er til 10. apríl. Í dómnefndinni sitja Bjarki Bjarnason, Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásta Kristbjörnsdóttir, Margrét Lára Höskuldadóttir og Birgir D. Sveinsson.

Árseikningur Mosfellsbæjar lagður fram • Rekstrarniðurstaðan neikvæð um 541 milljón

Reksturinn í takt við árferðið

Árseikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2020 var lagður fram á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 30. mars og ber reksturinn þess merki að heimsfaraldur ríkti á árinu með tilheyrandi kólnun í hagkerfinu

Rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um 541 milljón sem er um 770 milljóna lakari afkoma en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Það skýrist helst af lægri tekjum vegna lækkunar launatekna íbúa, minni íbúafjölgun í sveitarfélaginu, minnkandi framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til málefna fatlaðs fólks og aukins fjármagnskostnaðar.

Endurspeglar skugga heimsfaraldar

Í tilkynningu frá Mosfellsbæ kemur fram að rekstur málaflokka hafi gengið vel og sé í góðu samræmi við fjárhagsáætlun. Þá var töluvert framkvæmt á árinu bæði til þess að geta tekið við fjölgun íbúa sem var hlutfallslega næst mest í Mosfellsbæ þegar litið er til höfuðborgarsvæðisins og til að byggja upp tæknilega innviði sveitarfélagsins um leið og áskorun stjórnvalda um auknar opinberar framkvæmdir var tekið.

„Árseikningur fyrir árið 2020 endurspeglar þann skugga sem heimsfaraldurinn varpar á starfsemi sveitarfélaga en einnig sterka stöðu Mosfellsbæjar til að mæta tímabundinni fjárhagslegri ágjöf“, segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri.

Bæjarsjóður rekinn með halla um sinn

„Við hjá Mosfellsbæ viljum vera til fyrirmyndar varðandi rekstur og þróun starfseminnar þannig að íbúar og starfsmenn



séu á hverjum tíma meðvitaðir um gæði þjónustunnar og kostnað við að veita hana. Minnkandi skatttekjur vegna áhrifa kórónaveirunnar á efnahag sveitarfélaga hefur neikvæð áhrif á afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið er rekið af ábyrgð með áherslu á komandi kynslóðir og árseikningurinn sýnir að við höfum hafið okkar viðspyrnu um leið og við verjum þjónustu við íbúa af öllu afli. Efnahagsleg áhrif faraldursins eru það mikil á rekstur sveitarfélagsins að óhjákvæmilegt er annað en að bæjarsjóður verði rekinn með halla um sinn.“

Skilvirkur rekstur og sterk fjárhagsstaða

„Hinn möguleikinn hefði verið að skera verulega niður í rekstri og þjónustu sveitarfélagsins en það er ekki skynsamleg stefna við ríkjandi aðstæður. Skilvirkur rekstur og sterk fjárhagsstaða auðveldar okkur að taka vel á móti nýjum íbúum og þjónustan er vel metin af íbúum samkvæmt niðurstöðum þjónustukönnunar Gallup. Sem fyrr nota ég þetta tilefni til að þakka

HELSTU TÖLUR ÁRSINS 2020

- Tekjur ársins námu alls um 13.007 m.kr.
- Launakostnaður nam 6.666 m.kr.
- Annar rekstrarkostnaður nam 5.704 m.kr.
- Framlegð 638 m.kr.
- Veltufé frá rekstri nam 495 m.kr. sem er um 3,8% af tekjum.
- Eigið fé í árslok nam 6.882 milljónum og eiginfjárlutfall 29%.
- Skuldaviðmið nemur 99,8%.
- Íbúar Mosfellsbæjar voru 12.565 1. desember 2020.
- Starfsmenn voru 818 í 673 stöðugildum í árslok 2020.

starfsmönnum Mosfellsbæjar, kjörnum fulltrúum og nefndarfólki fyrir þeirra þátt í þeim árangri sem við höfum náð og brýna okkur til góðra verka á næstu misserum.“

Árseikningurinn verður til umræðu í bæjarstjórn í apríl.

Kæri Mosfellingur, ég get bætt við mig eignum í sölu! Ánægjuleg fasteignaviðskipti – það skiptir máli!

- Fasteignaráðgjöf og frítt verðmat þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga
- Hafðu samband ef þú eða einhver sem þú þekkir er í fasteignahugleiðingum
- Ég veiti framúrskarandi þjónustu sem skilar árangri

Ingimar Óskar Másson – Það er best að búa í Mosó!
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
ingimar@helgafellfasteignasala.is



612 2277



MOSFELLSBÆR

SKÓLASTJÓRI VARMÁRSKÓLA

Nýr skóli á gömlum grunni

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Á næsta skólaári verður Varmárskóli fyrir 1.-6. bekk með um 400 nemendur. Skólinn starfar í anda uppbyggingarstefnunnar og leggur áherslu á útinám.

Skólastjóri Varmárskóla ber ábyrgð á starfsemi skólans, rekstri og mannaúðsmálum. Hann gegnir lykilhlutverki í að móta góðan skólabrag og samstarfsvettvang skóla og íbúa. Skólastjóri ber ábyrgð á að skólinn starfi í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá grunnskóla og stefnumörkun Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir áræðni og leiðtogafærni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara og kennslureynsla skilyrði
- Viðbótarmenntun í stjórnun og/eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða er skilyrði
- Þekking á stjórnsýslu, fjármálastjórnun og stefnumótunavinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar í mennta- og menningarstofnunum
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Almenn tungumálakunnátta

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 14. apríl 2021

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525-6700 eða á linda@mos.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



VIRÐING



JÁKVÆÐNI



FRAMSÆKNI



UMHYGGJA

Heilt þorp til að ala upp barn

Mosfellsbær stendur fyrir rafrænum íbúafundi um málefni barna og ungmenna í Mosfellsbæ á Facebook síðu Mosfellsbæjar.

Fundurinn verður haldinn þann 8. apríl 2021 og mun standa frá klukkan 17-18.15. Yfirskrift fundarins er „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ sem er afrískur málsháttur sem á alltaf við þegar við ræðum um velferð barna og ungmenna.

Tílefni fundarins er meðal annars niðurstöður könnunar Rannsóknna og greininga sem voru kynntar í janúar á þremur rafrænum kynningarfundum sem Mosfellsbær boðaði til fyrir foreldra ungmenna í 8., 9. og 10. bekk. Þeir fundir voru vel sóttir og sköpuðust ágætar umræður um þessi mikilvægu mál.

Vísendingar um aukna áhættu hegðun

Kannanir Rannsókna og greininga á högum og líðan ungmenna er lögð fyrir árlega héraðs. Hjá Mosfellsbæ eru niðurstöður hvers árs rýndar og hagnýttar í forvarnarstarfi Mosfellsbæjar á hverjum tíma. Í síðustu könnun sem fór fram í nóvember og er aukakönnun vegna Covid-19 ástandsins, komu fram vísendingar um að stækkandi hópur ungmenna í Mosfellsbæ sýni í auknum mæli það sem kallast áhættu hegðun.

Áhættu hegðun er skilgreind sem hegðunarmynstur sem getur haft neikvæð áhrif á líf einstaklinga og ógnað heilbrigði þeirra. Í ljósi þeirrar stöðu er mikilvægt að eiga gott samtal við alla hagaðila og ræða hvað það er sem við getum gert sameiginlega.

Fyrirkomulag fundarins

Á fundinum verður boðið upp á innlegg frá aðilum sem hafa mikla reynslu á ólíkum sviðum forvarna og samskipta. Fjallað verður um þau atriði sem skipta máli til að skapa trausta og góða umgjörð um börn og ungmenni eins og mikilvægi samveru og samstöðu samfélagsins, forvarnargildi tómtunda- og íþróttastarfs hvað foreldrar geta gert til að standa saman og hvernig sveitarfélagið Mosfellsbær getur stutt við umgjörðina.

Í Mosfellsbæ er unnið markvisst að forvarnarstarfi í skólum og félagsmiðstöðvum. Forvarnarteymi fundar reglulega, félagsmiðstöðvar vinna í samvinnu við skólana að einstaka verkefnum, halda námskeið og vinna með foreldrum að verkefnum eins og foreldrarölti sem er mjög mikilvægt verkefni. Þá kemur Barnavernd Mosfellsbæjar að fræðslu með áherslu á forvarni, bæði við foreldra og börn.

Skerpa á útivistartíma

Áhrifaríkustu þættirnir sem lúta að foreldrum er stuðningur



BÖRN VIÐ STEKKJARFLÖT Í MOSFELLSBÆ

þeirra við reglur um útivistartíma, taka þátt í foreldrarölti, og vera í góðum samskiptum við þá sem barn þeirra umgengst eins og vini og foreldra.

Sérstakir áherslupunktur í forvarnarstarfi núna eru að skerpa á útivistartíma barna og ungmenna með því að senda foreldrum upplýsingar og hvetja til samvinnu foreldra.

Mikilvægt samtal við foreldra

„Þessi fundur er mjög mikilvægur fyrir foreldra barna og ungmenna í Mosfellsbæ enda lykkillinn að velgengni í forvörnum þétt samstarf heimila og skóla,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. „Þá hefur forvarnargildi tómtunda- og íþróttastarfs fyrir löngu sannað gildi sitt.“

Árangur okkar á þessu sviði hefur verið kölluð íslenska leiðin og hún byggir alfarið á rannsóknum og gagnreyndri þekkingu.

Ég hlakka til þessa fundar enda um að ræða mikilvægt samtal við foreldra þar sem við getum í sameiningu markað umgjörðina og varðað farsæla leið fyrir börnin okkar og samfélagið í Mosfellsbæ. Það þarf nefnileg heilt þorp til að ala upp barn.“



Mosfellsbær hlýtur jafnlaunavottun

Jafnlaunavottun er ætlað að staðfesta að við launaákvæðanir séu málefnaleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og að laun hjá Mosfellsbæ séu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Þá er mikilvægt að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvæðunar felji ekki í sér kynjamismun. Að minnka launamun kynjanna er einn liður í jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar.

Jafnlaunavottun Mosfellsbæjar er unnin af BSI á Íslandi sem er faglig skoðunarstofa og byggir á úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum jafnlaunakerfis Mosfellsbæjar sem hefur áhrif á kjör karla og kvenna. Mosfellsbær hlaut jafnlaunavottun fyrst fyrir þremur árum og hefur gengist undir árlega úttekt fagaðila síðan þá. Í kjölfar síðustu úttektar hefur Mosfellsbær nú hlotið jafnlaunavottun til næstu þriggja ára. Með því hefur verið staðfest að jafnlaunakerfi Mosfellsbæjar hefur verið í stöðugri þróun, það verið rýnt reglulega og að það fellur undir þau skilyrði sem þarf til að standast jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012 staðlinum til maí 2024. Frá því að Mosfellsbær fékk vottunina fyrst hefur launamunur kynjanna minnkað úr 6,5% í 4,0% þannig að viðmið og reglur um launasetningu hafa náð fram að ganga hjá bænum.

ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



Nýjar reglur í félagsstarfinu :(

Félagsstarfið er opið mánudaga - fimmtudaga kl. 11-16 og föstudaga kl. 13-16 en aðeins 8-10 manns komast að í einu og mega mest stoppa í tvo klukkutíma í senn, svo sem flestir komist að og geti aðeins komist út ef fólk treystir sér til. Skrá þarf nafn og síma viðkomandi sem inn kemur og grímuskylda og 2 metra reglan er í gildi.

Hópar sem eru á námskeiðum í félagstarfinu halda áfram ef hópurinn er undir 10 manns.

Eftir páska verður opið mán.-fim. 11-16 og föstud. 13-16. Þessar reglur verða til 13. apríl.

Kveðja Félagstarfið



Gleðilega páska



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómtunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



FÉLAG ALDRAÐRA í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Ingólfur Hrólfsson formaður
s. 855 2085 ihhj@simnet.is

Úlfhildur Geirsdóttir varaformaður
s. 896 5700 bruarholl@simnet.is

Margrét Ólafsdóttir gjaldkeri
s. 863 3359 margretjako@gmail.com

Snjólaug Sigurðardóttir ritari
s. 897 4734 snjolaugsig@simnet.is

Kristbjörg Steingrímisdóttir meðstjórnandi
s. 898 3947 krist2910@gmail.com

Jóhanna B. Magnúsdóttir 1. varamaður
s. 899 0378 hanna@smart.is

Bragi Bergmann Steingrímsson 2. varamaður
bbergman@hive.is

HVERNIG GERUM VIÐ GÓÐAN BÆ BETRI?

Ert þú með hugmynd að skemmtilegri nýjung eða eitthvað sem betur mætti fara í bænum okkar? **Okkar Mosó** er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda- og viðhaldsverkefna í Mosfellsbæ.

Óskað er eftir snjöllum hugmyndum og tillögum frá íbúum til að kjósa um í íbúakosningu. **Taktu þátt og sendu inn þína hugmynd á mos.is/okkarmoso dagana 11. mars-6. apríl.**



OKKAR MOSÓ
ÍBÚAKOSNING 2021


HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Mosfellsbær

„Okkar saga er frávik, lífið á ekki að vera svona“ – Opna vefsíðuna Tilstaðar.is

Vinkonurnar Anna Lilja Marteinsdóttir og Anna Sigríður Sigurjónsdóttir eiga margt sameiginlegt. Þær heita báðar Anna, eru þrítugar, búa í Mosó, og búa báðar yfir þeirri reynslu að hafa misst maka sinn fyrir þrítugt. Þar af leiðandi hafa þær báðar verið nánasti aðstandandi þess sem missir.

Þær hafa verið vinkonur frá sextán ára aldri og fylgst að síðan þá. Á dögnum opnuðu þær vefsíðuna Tilstaðar.is þar sem hægt er að kaupa eins konar samúðargjöf eða box með litlum glaðningi fyrir þá sem eiga um sárt að binda.

Ómetanlegur vinskapur

„Vinskapur okkar er ómetanlegur og eins og við segjum oft, hefðum við ekki getað ímyndað okkur þegar við kynntumst 16 ára að við ættum eftir að vera í þessum sporum um þrítugt.

Ég missi minn maka skyndilega 2013 þá 23 ára gömul sem var mikið áfall. Ég var þarna að takast á við mikla sorg og í raun vissu vinkonur mínar ekki hvernig þær ættu að nálgast mig og margar af þeim að missa góðan vin. Hvað þær ættu að segja og hvað þær ættu að gera,“ segir Anna Sigga.

Fyrstu mánuðirnir í móðu

„Á þessum tíma voru ég og Jói maðurinn minn að reka Hvíta Riddarann og Anna Sigga og Þórhallur að vinna þar og við í miklum samskiptum bæði innan sem utan vinnustaðarins.

Þarna var ég í raun að upplifa mitt stærsta áfall í lífinu að missa góðan vin og reyna að vera til staðar fyrir Önnu Siggú. Þegar ég svo missi minn maka þá var mín fyrsta hugsun að leita til hennar. Ég fann það strax að hennar reynsla, eins hræðileg og hún var þá, hjálpaði mér að komast í gegnum fyrstu dagana. Fyrstu mánuðirnir eftir svona áfall eru í einhvers konar móðu en þegar frá líður þá er það algengt að fólk verði svolítið leitandi eftir einhvers konar þekkingu á sorgarferlinu,“ segir Anna Lilja.

Hún bætir við að hún hefði skilið betur stöðu aðstandenda með að vita lítið um



ÖNNURNAR STANDA SAMAN Í GEGNUM SÚRT OG SÆTT

Mynd/Kristvín

það hvernig best væri að vera til staðar fyrir hana þegar sem hún hafði verið í þessum sporum þegar Anna Sigga missti sinn maka.

Dagarnir misjafnir

Þær segja ótrúlega dýrmætt að eiga hvora aðra að, þær leita til hvor annarrar um ráð og ræða mikið saman um sorgina og það að halda áfram með lífið. Þær segja sorgarferlið vera ansi flókið og dagarnir misjafnir, sumir ósköp venjulegir en aðrir svo erfiðir að þeir virðast óyfistíganlegir.

„Við erum kannski búnar að eiga langt spjall og furðum okkur á því að vera tala um hluti sem þrítugar vinkonur ættu ekki að þurfa að ræða. En út frá öllum þessum samtölum og þælingum okkar kviknaði þessi hugmynd að boxunum því að við skynjum að fólk vill vera til staðar fyrir okkur en veit ekki hvernig.

Hugmyndin er að aðstandandi, vina- hópur eða vinnufélagar geti keypt gjöf sem við sendum beint á viðtakanda. Gjöfin inniheldur fjögur lítill box með fallegum skilaboðum og litlum gjöfum sem allar eiga að stuðla að vellíðan,“ segja þær.

Að vera til staðar

„Þegar viðtakandi opnar boxið blasa við falleg skilaboð og hugmyndin er að þegar ástvinurinn á erfiða stund geti hann opnað einn kassa. Við vorum lengi að semja skilaboðin og vorum sammála um að syrgjandi þarf ekki á óvelkominni jákvæðni eða einhverju þirrandi peppi að halda heldur meira svona að þér má líða svona og það sé eðlilegt,“ segir Anna Sigga.

„Okkar saga er frávik, lífið á ekki að vera svona og við erum engir sérfræðingar eða með menntun á þessu sviði. Þetta er einungis framtak sem sprottið er af þessari sameiginlegu reynslu okkar og við teljum að vanti á markaðinn. Það er gott að geta miðlað okkar reynslu öðrum til góða,“ segir Anna Lilja að lokum og bendir á að auk heimasíðunnar Tilstaðar.is séu þær á Facebook og Instagram þar sem þær eru með bæði góð ráð og fræðslu.



Gleðilega páska

Mosfellsbakarí - Háholti 13-15 - 5666145
mosfellsbakari.is - mosbak@mosbak.is



GÖNG SEM NÝTAST EIGA EFTIR MÖRGUM

Reiðgöng undir Reykjaveg

Nú er að ljúka framkvæmdum við reiðgöng undir Reykjaveg. Reiðgöngin eru mikil samgöngubót fyrir hestafólk sem þarf ekki að þvera Reykjaveginna lengur.

Göngin tengja saman, á öruggan hátt, reiðleið frá hestúshverfi við Varmá að

suðursvæði Mosfellsbæjar.

Reiðgöngin eru undir Reykjaveg á mótis við Ísflugl og við enda Víðiteigs. Göngin voru opnuð fyrir stuttu en gengið verður frá næsta umhverfi með þökulögn og sáningu þegar vorar.



**ALLT**
FASTEIGNASALA

GLEÐILEGA PÁSKA

Við opnum bráðlega í Mosfellsbæ

ALLT fasteignasala óskar íbúum Mosfellsbæjar gleðilegra páska.

Við vonum að þið njótið hátíðinnar heima
En ef þið fáið löngun til að skipta um
húsnæði eftir páska. Þá endilega
hafið samband við okkur og við hjálpum
ykkur að finna réttu eignina.



**ALLT**
FASTEIGNASALA

ALLT fasteignasala er staðsett á fjórum stöðum á Íslandi.
Í Reykjavík, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og Grindavík
ásamt því að reka Sólareignir sem er sala á eignum erlendis.
Starfsmenn félagsins eru um 15. Fasteignasalan leggur metnað
sinn í að koma á mótis við neytandann ásamt því að vera
hágæða fasteignasala.

Sími 560-5505, allt@allt.is, allt.is



KLEFAR 1 OG TVÖ ENDURNÝJADIR



NÝIR GÁMAKLEFAR

Framtíðarskipulag svæðisins í mótun • Skýr forgangsörðun framkvæmda að Varmá

Margháttaðar framkvæmdir við íþróttamiðstöðina að Varmá

Á undanförunum misserum hafa verið í gangi margháttaðar framkvæmdir í íþróttamiðstöðinni að Varmá sem allar beinast að því að gera umhverfi og aðstöðu íþróttaiðkenda og bæjarbúa sem allra besta.

Í lok síðasta árs tók Afturelding í gagníð nýtt og glæsilegt skrifstofu- og fundarrými sem staðsett er á 2. hæð í millibyggingu milli fimleikahúss og salar 3. Rými sem áður hýsti skrifstofur Aftureldingar hefur nú verið endurníréttað og hýsir nú aðstöðu fyrir starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar.

Norðan við íþróttamiðstöðina hafa verið reistir gámaklefar sem nýttast deildum Aftureldingar vel. Klefarnir tengjast sal 2 en nýttast einnig öllum útisvæðum til samræmis við þarfir Aftureldingar.



MÚRVIÐGERÐIR AÐ UTAN

nýrra skápa. Í ár verða tveir klefar til viðbótar endurnýjaðir með sama hætti.

Framkvæmdum forgangsraðað

Um mitt síðasta ár var lokið við að skima allt húsnæði íþróttamiðstöðvarinnar að Varmá af sérfræðingum EFLU sem hluta af verkefni sem fól í sér heildarskimun á skólahúsnæði Mosfellsbæjar. Við þá skimun voru til skoðunar rakaskemmdir og áhrif þeirra á gæði alls kennsluhúsnæðis Mosfellsbæjar.

Í kjölfar skimunarinnar var ráðist í framkvæmdir til þess að uppræta rakaskemmt byggingarefni í íþróttamiðstöðinni og þeim forgangsraðað í mikilvægisröð. Í fyrsta forgangi var allt kennsluhúsnæði og íverurými barna. Þannig voru íþróttasalirnir ásamt tveimur búningaklefum í fyrsta forgangi og teknir í gegn fyrst. Framkvæmdir voru einna mestar í sal 3 þar sem loft voru endurnýjuð og hljóðvist bætt. Gert er ráð fyrir að viðhalds- og endurnýjunarframkvæmdir að Varmá ljúki að mestu í ár.

Loks fengu tveir búningaklefar á svokölluðum græna gangi gagngera andlitslyftingu þar sem sett voru epoxý gólf og veggir auk

Framkvæmdir við sundlauginna

Miklar aðgerðir voru einnig á síðasta ári í sundlauginni að Varmá en þá var eldri vélbúnaði skipt út og er nú komið nýtt og fullkomnara stýrikerfi á potta laugarinnar. Saunaklefi var endurnýjaður í sundlauginni og settur var niður kaldur pottur.

Þessa dagana standa yfir endurbætur í klefum undir kjallara sundlaugar þar sem sett verður epoxí í hólf og gólf og samhliða verða klefarnir lagaðir að þörfum knattspyrnudeildarinnar.

Loks var ráðist í að bæta lýsingu við frjálsíþróttavöllinn í vetur þannig að þeir sem kjósa að hreyfa sig þar geta gert það á upphitaðri hlaupabraut.

Samráðsvettvangur í gangi

Samráðsvettvangur Mosfellsbæjar og Aftureldingar var settur á laggirnar árið 2018 í þeim tilgangi að skapa formlegan vettvang fyrir uppbyggingu og nýtingu Aftureldingar á aðstöðu að íþróttamiðstöðinni að Varmá.



GANGURINN GÓÐI TEKINN Í GEGN



NÝ AÐSTAÐA FYRIR AFTURELDINGU

Á afmælisárinu 2019 þegar félagið átti 110 ára afmæli tók bæjarstjórn Mosfellsbæjar ákvörðun um að gefa félaginu vinnu við framtíðarskipulag svæðisins í afmælisgjöf.

Í framhaldinu var samráðsvettvangnum falið að halda utan um þá vinnu. Verkræðistofan EFLA hefur á undanförunum unnið að mótun framtíðarskipulags íþróttasvæðisins. Skýrsla EFLU liggur nú fyrir ásamt þarfagreiningu næstu ára og hefur verið vísað til bæjarráðs Mosfellsbæjar og til aðalstjórnar Aftureldingar til umfjöllunar.

Í samtali við Mosfelling segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri að framkvæmdir síðustu missera að Varmá séu margháttaðar og byggji á skýrri forgangsörðun.

Þær taki mið af þeim upplýsingum sem aflað var með heildarskimun á öllu skóla- og íþróttahúsnæði þar sem börn og ungmenni dveljast við nám og æfingar.

Síðasti áfanginn í þessum framkvæmdum fer fram í sumar og í kjölfarið verður hugað að næstu skrefum í þróun húsnæðisins í samvinnu við Aftureldingu.



Davíð Ólafsson lög. fast. david@fastborg.is

ÉG GEF MÉR TÍMA FYRIR ÞIG!

- fagleg og persónuleg þjónusta
HRINGDU Í 897-1533

B O R G
FASTEIGNASALA



MOSFELLSBÆR

Laus störf í Mosfellsbæ


Mosfellsbær hefur tekið í gagníð nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is





Íslenskur kalkúnn í veisluna



**KALKÚNN FRÁ ÍSFUGLI ER
REKJANLEGUR TIL BÓNDA**



Uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á isfugl.is





8. BEKKUR
9. BEKKUR
10. BEKKUR

Vinnuskóli Mosfellsbæjar

Umsóknarfrestur til 23. apríl

- Vinnuskóli Mosfellsbæjar er fyrir ungt fólk fætt á árunum 2005-2007. Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Vinnuskóla Mosfellsbæjar fyrir sumarið 2021. Sótt er um á vinnuskoli-umsokn.vala.is.
- Umsóknarfrestur er til 23. apríl og verður öllum umsóknum sem berast fyrir þann tíma svarað fyrir 30. apríl 2021.
- Reynt verður að verða við óskum allra en gera má ráð fyrir að ekki verði hægt að uppfylla allar óskir um tímabil og vinnustöð.
- Ef einhverjar spurningar vakna sendið tölvupóst á netfangið vinnuskoli@mos.is.



MOSFELLSBÆR



ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR Í NET- OG SÍMAÞJÓNUSTU ERU HJÁ HRINGDU

Skv. Meðmælakönnun MMR

Takk fyrir ánægjuna



SHAKE&PIZZA GLEÐILEGA PÁSKA

ALLAR PIZZUR Á 2.000 KR.*

1. APRÍL FIMMTUDAG, 3. APRÍL LAUGARDAG
& 5. APRÍL MÁNUDAG Í HEIMTÖKU

* GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG
FRÍ PIZZA EF
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI
– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

Pantaðu á
shakepizza.is
eða í síma
5 17 18 19

**EINN, TVEIR OG
FRÍR SHAKE EF
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

OPNUNARTÍMAR UM PÁSKANA



FIMMTUDAGUR
1. APRÍL

17 - 21

FÖSTUDAGURINN LANGI
2. APRÍL

LOKAÐ

LAUGARDAGUR
3. APRÍL

17 - 21

PÁSKADAGUR
4. APRÍL

LOKAÐ

ANNAR Í PÁSKUM
5. APRÍL

17 - 21

OPIÐ AÐRA DAGA KL. 17-21

shake&pizza
EGILSHÖLL

Keiluhöllin
EGILSHÖLL





DÝRAVINURINN SIGURÐUR
GEFUR ÖNDUNUM BRAUÐ

70-80 endur við Dælustöðina • Mætir alltaf á sama tíma Gefur öndunum dag hvern

Sigurður Sigurjónsson fyrrum bakari og leigubílstjóri hefur undanfarið ár mætt við dælustöðina í Reykjavíkurverfi með brauð úr Mosfellsbakarí og gefið öndunum. „Ég mæti alltaf hér á sama tíma. Þegar ég byrjaði á þessu þá var hér eitt þar en ætli þær séu ekki á milli 70-80 endur í dag. Þær eru greinilega farnar að þekkja mig því ef að einhver kemur með mér þá koma þær ekki,“ segir Sigurður.



LEXI Í SKÚRNUM

Öðruvísi valáfangi í Varmárskóla

Skrúfukvöld í Lexnesi

Alexander Kárason eða Lexi eins og hann er alltaf kallaður hefur í vetur í samstarfi við Varmárskóla staðið fyrir skrúfukvöldum tvisvar í viku í Lexnesi, eins og hann kallar heimili sitt.

Þar koma saman nemendur úr Varmárskóla og skrúfa og rífa og styrkjast í því sem þeir hafa áhuga á að gera og fá fyrir það metið sem valeiningar. Lexi er með keppnislíð í rallykrossi og þessir unglingar hafa verið í kringum hann og mótorsportíð undanfarið.

Á áhugasviði unglinganna

„Það má segja að þetta hafi byrjað á því að ég vildi búa til fast prógram fyrir þessa

krakka og vildi að þeir fengu það metið til náms. Ég fékk það í geng með stjórnendum Varmárskóla að þeir fá þetta sem valeiningu. Grunnurinn á bak við þetta er að mér hefur alltaf fundist vanta inn í grunnskólann greiningavinnu á áhugasviði ungra krakka. Þannig geti þeir ræktað styrkleika sína og séu farnir að pæla áður en þeir klára grunnskólann.

Ég vil að þessir krakkar fái að kynnast öllu því sem tengist rafmagni, bílum, rafsuðu, vélvirkjun og fleiru. Þeir eru með sín eigin tæki og tól, fjórhjól, krossara og fleira. Alveg magnaðir krakkar,“ segir Lexi.

Á baksíðu Mosfellings má sjá mynd af strákum í skúrnum með Lexa.

Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



N1
Vefverslun
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



Michelin CrossClimate+

- Sumardekk fyrir norðlægar slóðir
- Öryggi og ending
- Halda eiginleikum sínum vel út líftímann
- Gott grip við allar aðstæður
- Endingarbestu sumardekkinn á markaðnum



Michelin Pilot Sport 4

- Sumardekk fyrir þá kröfuhörðustu
- Gefa óviðjafnanlega aksturseginnleika
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Endingarbestu dekkinn í sínum flokki



Michelin e-Primacy

- Öryggi og ending
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Einstakir aksturseginnleikar
- Ferð lengra á hleðslunni / tanknum
- Kolefnisjafnað að sölustað



Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

Opið mánudaga til föstudaga kl. 8-18
Laugardaga kl. 9-13





MOSFELLSBÆR

Skólastjóri LISTASKÓLA MOSFELLSBÆJAR

Fjölbreyttur skóli — Skapandi umhverfi

Mosfellsbær er í fararbroddi í nýbreytni í skólastarfi. Listaskóli Mosfellsbæjar skipar fastan sess í skóla- og menningarlífi bæjarins. Markmið hans er að bjóða börnum og ungmennum upp á tónlistarnám og þátttöku í öðrum listgreinum. Undir hatti skólans starfa tónlistardeild og skólahljómsveit, samstarfssamningar eru við Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélag Mosfellsbæjar.

Listaskólinn starfar í eigin húsnæði og í öllum grunnskólum bæjarins. Við tónlistardeildina eru starfandi bæði klassísk og rytmísk deild og kennt er á öll helstu hljóðfæri auk söngs. Strengjasveit og rytmískar hljómsveitir eru starfandi við skólann auk fjölmargra annarra samspila.

Skólastjóri Listaskólans ber ábyrgð á að starfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá tónlistarskóla og stefnumörkun Mosfellsbæjar. Hann ber ábyrgð á starfsemi skólans, veitir honum faglega forystu og er daglegur stjórnandi tónlistardeildar.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir skapandi hugsun

og leiðtogafærni til að leiða starfsfólk og nemendur Listaskólans áfram inn í framtíðina.

Mosfellsbær leitar eftir metnaðarfullum einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi, býr yfir skapandi hugsun og leiðtogafærni til að leiða starfsfólk og nemendur Listaskólans áfram inn í framtíðina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tónlistar skilyrði
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar og/eða uppeldis- og menntunarfræða skilyrði
- Þekking á stjórnsýslu, fjármálastjórnun og stefnumótunavinnu
- Reynsla á sviði stjórnunar og faglegrar forystu í mennta- og menningarstofnunum
- Reynsla af tónlistarflutningi og tónlistarkennslu
- Þekking á sviði upplýsingatækni
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir skipulagshæfileikar
- Lipurð og færni í samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Almenn tungumálakunnátta

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2021

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is/storf. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar veitir Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs í síma 525-6700 eða á linda@mos.is og Atli Guðlaugsson skólastjóri Listaskólans í síma 864-8019 eða á atli@mos.is. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.





Hestamannafélagið býður upp á aðstöðu

Hestamannafélagið Hörður stefnir nú að því að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10–18 ára aðstöð við að stíga sín fyrstu spor í hestamennsku. Félagið mun bjóða upp á aðstöðu fyrir börn sem eiga hest og vantar pláss fyrir hann, sem og þeim sem ekki eiga hest en langar að annast hest og komast á hestbak. Lagt verður upp með að hafa

til staðar góða hesta og reiðtygi og verður gjald fyrir aðstöðuna niðurgreitt. Fagfólk mun vera til staðar og leiðbeina börnum og aðstandendum. Hægt verður að taka á móti takmörkuðum fjölda barna og hefst starfið í september. „Okkur langar að gefa barninu þínu einstakt tækifæri til að kynna ævintýraheimi hestamennskunnar,“ segir í tilkynningu frá Herði sem hyggst starfrækja félagshesthús frá og með haustinu.



Páskabingó við Helgafellsskóla

Foreldrafélag Helgafellsskóla hefur staðið fyrir páskabingói fyrir börn og foreldra að undanfögnu.

Leikskóladeildirnar héldu bingóið á útsvæði skólans þar sem börnin fengu skemmtilegan glaðning þegar þau voru búin að finna allar myndirnar á spjaldið sitt.



Skotömmurnar gera það gott á landsmóti

Landsmót STÍ var haldið af Skotfélagi Reykjavíkur í Egilshöll þann 13. mars. Í kvennaflokki (50m) sigraði Bára Einarsdóttir úr SFK með 610,6 stig, önnur varð Jórunn Harðardóttir úr SR með 607,7 stig og í þriðja sæti hafnaði Guðrún Hafberg úr SFK með 576,2 stig. Skotömmurnar úr Mosó, þær Bára og Guðrún Hafberg tóku svo silfur og brons í þrístöðu. Ömmurnar hafa keppt fyrir Skotíþróttafélag Kópavogs en kalla nú eftir skotíþróttafélagi í Mosfellsbæ.



MOSFELLSBÆR

Fagstjóri hjá Veitum Mosfellsbæjar

MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUST STARF FAGSTJÓRA HJÁ VEITUM MOSFELLSBÆJAR.

Vatns-, hita- og fráveita Mosfellsbæjar annast daglegan rekstur og viðhald veitukerfa og annast heimlagir og nýframkvæmdir sem heyra undir umhverfissviði Mosfellsbæjar. Fagstjóri ber ábyrgð á heimlögnum, viðhaldsframkvæmdum og öðrum daglegum veitufamkvæmdum. Fagstjóri veitir ráðgjöf um málefni vatns-, hita- og fráveitu Mosfellsbæjar og kemur að undirbúningi nýframkvæmda á vegum veitna Mosfellsbæjar. Fagstjóri hefur umsjón með innkaupum, útboðum og samningum auk þess að stýra verktökum og hafa með þeim eftirlit. Um fullt starf er að ræða.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Menntun á sviði pípulagninga, vélvirkjunar eða sambærilegt iðnnám
- Tækni menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla á sviði rekstrar veitna er æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Þekking á samningagerð er skilyrði

- Reynsla og þekking á stjórnun verklegra veitufamkvæmda er skilyrði
- Góð tölvukunnátta og þekking á teikniforritum er skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli nauðsynleg
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2021

Umsóknir ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á ráðningarvef Mosfellsbæjar (www.mos.is/storf). Nánari upplýsingar um starfið gefa Jóhanna B. Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs eða Tómas Guðberg Gíslason umhverfisstjóri í síma 525-6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.



Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

Fasteignasala
Mosfellsbæjar

Örugg
og góð
þjónusta

Sími: 586 8080

www.fastmos.is

TRÍÓ

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

1.840 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á
NETINU EÐA
MEÐ APPINU OG
GREITT FYRIR FRAM

3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF
MATSEÐLI Á SJÓÐ-
HEITU TILBOÐSVERÐI
Í HVERJUM MÁNUÐI



STÓR PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

SKÍRDAGUR 11:30-22:00

FÖSTUDAGURINN LANGI LOKAÐ

LAUGARDAGUR 11:30-22:00

PÁSKADAGUR LOKAÐ

ANNAR Í PÁSKUM 11:30-22:00



KVÖLDTVENNA 2 BÁTAR

+ 2 COKE

+ 2 SNICKERSMÝS

3.995 KR.

FRÁ KL. 17.00 ALLA DAGA



Hlöllabátar

síðan 1986



SNICKERS MÚSIN ER LENT Í MOSÓ

995 KR.

„Miklu betri en prístamúsin“
...segir frændi vinar míns

„Svei mér þá ef þessi er ekki
sú besta hingað til“
...segir amma frænku minnar

„Ertu ekki að grínast í mér?“
...segir mágkona mömmu

TAKK FYRIR STUÐNINGIN Í COVID 1,2 OG 3
NÚ TÆKLUM VIÐ FJÓRÐU BYLGJUNA SAMAN.

GLEÐILEGA PÁSKA!

BARION
MATBAR



10 manns í bókasafninu

Vegna nýrra tilskipanna um sóttvarnir takmarkast fjöldi í Bókasafni Mosfellsbæjar við 10 manns frá 25. mars.

Börn fædd 2015 eða síðar eru undanþegin ákvæðum um fjöldatak-mörk. Gestir eru hvattir til að sinna erindum sínum hratt og skilmerki-lega svo fleiri komist að.

Lessvæði er lokað og viðburðum hefur verið frestað.

Hægt er að panta safngögn á leitir. is og sækja við inngang safnsins, sjá leiðbeiningar á heimasíðu safnsins. Notendur eru hvattir til að panta á leitir. is, en sjálsagt er að hringja í síma 566 6822 eða senda tölvupóst á bokasafn@mos.is og fá aðstoð. Athugið að þjónustan er eingöngu í boði á virkum dögum.



Listasalur Mosfellsbæjar

Listasalur Mosfellsbæjar stingur í stúf

Mikið var um dýrðir við opnun sýningarinnar Stingur í stúf eftir Harald Sigmundsson í Listasali Mosfellsbæjar 19. mars sl.

Á opnuninni voru tveir gjörningar. Annars vegar mætti jólasveinninn Stúfur á svæðið og stakk sig á verkunum auk þess að sprella við sýningargesti og gefa þeim kartöflu í skóinn.

Hins vegar var listamaðurinn sjálfur með gjörning þar sem hann leyfði sýningargestum að fylgjast með sér klára síðasta verkíð. Sá gjörningur mun standa yfir allt sýningartímabilið og enda í fullkláruðu verki.

Verk Haraldar einkennast af mikilli frásagnargleði, björtum litum og blandaðri tækni. Sjón er sögu ríkar! Síðasti sýningardagur er 16. apríl.



Líkar þér við okkur?



Bókasafn Mosfellsbæjar er á Facebook

facebook.com/bokmos

Tími til að njóta með fjölskyldu og vinum í samkomutakmörkunum • Mikilvægt að velja rétt vín

PÁSKAVEISLA AF BESTU GERÐ

Þáskarnir eru að bresta á og þá skiptir máli að njóta samveru og matar til hins ítrasta. Fjórða bylgjan gengur nú yfir og fólk er hvatt til að halda sig í sinni þáskakúlu. Hér fáum við uppskriftir að þáskalambi og kalkúnasamlöku sem er tilvalið að slafra í sig yfir þáskana í góðu yfirlæti.

Lambalæri

Hægeldað lambalæri í smjöri með hvítlauk, kryddjurtum og kryddjurtabearnaise sósu

Hráefni:

- 1 lambalæri, helst án lykilbeins
- 500 g smjör
- 6 tímíangreinar
- 6 rósringreinar
- 5 hvítlauksgeirar, gróft saxaðir
- 1½ tsk. nýmalaður pipar
- 1 stór poki með rennilás (zip lock)
- 2 tsk. salt

Aðferð:

Setjið allt nema salt í pokann og lokið vel fyrir. Leggið pokann í steikingarpott og hellið volgu vatni yfir þannig að fljóti yfir lærið.

Setjið lokið á og bakið í 67°C heitum ofni í 18 klst. Sigið þá vökvann úr pokanum í pott. Hitið ofninn í 190°C. Setjið lærið í ofnskúffu og saltið. Bakið lærið í 10-15 mín. eða þar til það er fallega brúnað. Berið fram með kryddjurtabearnaise-sósunni og t.d. bökuðu grænmeti og kartöflum.

Kryddjurtabearnaisesósa:

- 5 eggjarauður
- smjörið úr pokanum
- 1-2 msk. Bearnaise-essens
- salt
- nýmalaður pipar



Aðferð:

Hitið smjörið í 60°C. Setjið eggjarauður í stálskál og þeytið yfir volgu vatnsbaði í 4-6 mín. eða þar til rauðurnar eru orðnar ljósar og loftmiklar. Hellið þá smjörinu í mjörri-bunu í skálina og þeytið vel í á meðan. Bragðbætið með Bearnaise-essens, salti og pipar.

Við mælum með:

PICCINO MEMORO

Króftugt og milli-sætt rauðvín. Rúbín-rautt. Þétt fylling, smásætt, fersk sýra, miðlungstannín. Verð: 2.199 kr.



Kalkúnasamlöka

Hráefni:

- 400 g afgangar af kalkúnakjöti, skornir í sneiðar
- 200 g afgangar af kartöflum, grænmeti og fyllingu
- 2 tómatar, skornir í sneiðar
- 1/2 poki blandað salat
- 4 langlokubrauð eða annað gott brauð

Klettakálspestó

- 1 poki klettakál
- 3-5 hvítlauksgeirar
- 2 msk. furuhnetur
- 2 msk. parmesanostur, rifinn
- 1 msk. ljóst edik
- 1 msk. sykur
- 1 dl olía
- salt og nýmalaður pipar

Aðferð:

1. Allt hráefnið í pestóið sett í matvinnsluvéi og maukað.
2. Skerið brauðið til helminga eftir endilöngu og smyrjið báða helmingana með klettakálspestóinu.
3. Raðið svo öllu sem er í uppskriftinni á brauðið.



Við mælum með:

MONTALTO PINOT GRIGIO

Létt og ósætt hvítvín. Föllímónugrænt. Létt meðalfylling, ósætt, fersk sýra. Pera, stikilsber, sítrústónar. Verð: 1.849 kr.





MOSFELLSBÆR



Það þarf heilt þorp til að ala upp barn *Ábyrgð til 18 ára*

Mosfellsbær stendur fyrir íbúafundi um forvarnir
FIMMTUDAGINN 8. APRÍL FRÁ 17:00-18:15



FUNDINUM VERÐUR STREYMT Allar nánari upplýsingar koma á heimasíðu og samfélagsmiðla Mosfellsbæjar þegar nær dregur.

Dagskrá

Ávarp

Hvað erum við að gera vel?

Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsókn og greiningu

Hverjir ala upp barn? *Jón Halldórsson frá Kvan*

Það er flókið að vera foreldri! *Anna Steinsen frá Kvan*

Rödd foreldra *Gunnar Jónsson grunnskólaforeldri*

18.00 Hvað geta foreldrar gert? Hugmyndir og umræða.
Pallborðsumræður.

18.15 Lok fundar.

Fundarstjóri: *Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar*



VIRÐING



UMHYGGJA



FRAMSÆKNI



JÁKVÆÐNI

Hestar þurfa ekki að kunna allt

Ragnheiður Þorvaldsdóttir er alin upp í Hvítárholti í Hrunamannahreppi og segir það forréttindi að hafa alist þar upp. Hestamennska er henni í blóð borin því fjölskylda hennar hefur ræktað hross í áratugi ásamt því að reka hestaleigu.

Ragnheiður starfar í dag við reiðkennslu og þjálfun hesta en auk þess hefur hún sérhæft sig í sirkusþjálfun sem hún segir að sé góð tilbreyting frá hinum hefðbundnu störfum.

Ragnheiður er fædd á Selfossi 27. janúar 1980. Foreldrar hennar eru þau Halla Sigurðardóttir fyrrverandi bóndi en starfar í dag sem matráðskona hjá Landstólpa og Þorvaldur Jón Kristinsson smiður.

Ragnheiður á tvær systur, Elínu Ósk Hölludóttur f. 1972 og Raket Eyju Þorvaldsdóttur f. 1990.

Uppgötvuðu fornleifar í moldarhaugum

„Ég ólst upp í sveit á bænum Hvítárholti í Hrunamannahreppi og á kærar minningar úr sveitinni, ég tel það mikil forréttindi að hafa alist þar upp.

Sumarið sem ég var 10 ára stendur ofarlega í minningunni en það var óvenju sólríkt sumar. Ég og Birgitta frænka mín sem var í sveit hjá okkur eyddum sumrinu við hestagirðinguna daginn út og daginn inn. Við vorum oft klæddar nærbuxum einum fata með pils á höfðinu og þóttumst vera indjánar. Við óðum í skurðum, stöppuðum í drullu og uppgötvuðum fornleifar í moldarhaugum, þá aðallega gömul rollubein. Skemmtilegast fannst okkur þó að hanga upp á hestunum með engin reiðtygi,“ segir Ragnheiður og brosir af minningunni.

Krafturinn í hrossunum engum líkur

„Ég mun aldrei gleyma þegar ég fékk mér blund á Mána gamla en hann var á beit innan um alla hina hestana. Allt í einu fældust hestarnir og ég ranka við mér og næ að grípa í faxið og hestarnir rjúka á harða stökk eftir hólfinu endalöngu. Þetta er það trylltasta sem ég hef lent í, krafturinn í hrossunum var engum líkur og ég gat ekki gert neitt nema að halda mér á baki, enda ekki með neitt beisli.“

Útskrifaðist frá Hólum í Hjaltadal

„Ég gekk í Flúðaskóla og á sínar minningar úr skólanum. Við vorum fá í bekk, 12 nemendur þangað til í 8. bekk þá bættust við 6 krakkar úr nærliggjandi hreppum.

Ég fór síðan í FSU og útskrifaðist þaðan af hústjórnaðbraut, ég fór líka í Iðnskólann og lærði að teikna þar. Leið mín lá síðan í Hóla í Hjaltadal þaðan sem ég útskrifaðist hestafræðingur, leiðbeinandi og tanningakona. Árið 2006 fór ég aftur á Hóla í áframhaldandi nám og kláraði reiðkennarann.“

Giftum okkur öllum að óvörum

„Ég er gift Ara Hermann Oddssyni, múrarameistara og hann er líka fimmfald-



Eftir Ruth Örnólfssdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

ur járnkarl og ofurmenni. Við kynntumst á blindu stefnumóti árið 2000, vorum trúlofuð í 15 ár og giftum okkur svo 2015 öllum að óvörum í sameiginlegu afmæli okkar beggja. Við eigum þrjú börn, Kristján Hrafn f. 2003, Odd Carl f. 2007 og Sigríði Fjólu f. 2011.

Fjölskyldan hefur mjög gaman af því að ferðast og við förum mikið í veiðiferðir. Börnin hafa líka mikla hreyfipörf eins og pabbi sinn, þau hjóla mikið á fjallahjólum með honum en fara svo í hestaferðir með mér.

Yngstu börnin eru á fullu með mér í hestunum og eru dugleg að ríða út og eru líka farin að keppa töluvert. Sá elsti er efnilegur í þríþraut og svo ætlar hann sér í Laugavegshlaupið í sumar.“

» Það er ólýsanleg tilfinning að sitja á maganum á hestinum sínum með alla fætur upp í loft, þar ríkir 100% traust.

Hún er svona bredda í sér

„Ég starfa við að þjálfna hesta og kenna fólki og tel það mikil forréttindi að geta starfað við mitt aðaláhugamál. Undanfarin 10 ár hef ég sérhæft mig í sirkusþjálfun og blanda saman smelluþjálfun og 7 games með Pat Parelli. Ég hef þjálfað merina mína, Ósk frá Hvítárholti mest í þessu, hún er mikill karakter, stýgg, með mikla hlaupaþörf og svona bredda í sér. Hún hefur sem betur fer mikið dálæti á nammi og ég tengi saman smelluþjálfun við nammið, þá er leikurinn auðveldari. Ég hef kennt henni allskonar kúnstir og við höfum komið fram í mörgum sýningum.“

100% traust ríkir

„Hann Svali minn er engum líkur, gæti kannski talist á smá einhverfurófi. Hann var ekki nema fjögurra vetra þegar ég kenndi ahonum

HIN HLIÐIN

Strengdir þú áramótaheit?

Já, að hugsa um heilsuna.

Flottasta Eurovision lag allra tíma?

Gleðibankinn.

Uppáhaldssjónvarpsáttur?

Outlander.

Fallegasta fjall á Íslandi?

Högnhöfði.

Hvað færðu þér í bragðaref?

Jarðarber, Daim og Prista með svolítið af heitri karamellusósu og hokkypúlver á toppinn.

Besti helgarmaturinn?

Lambalæri með öllu tilheyrandi.

Hvað óttastu mest?

Kóngulær, finnst þær viðbjóður.

Vandræðalegasta augnablikið?

Þegar ég fór með bílinn minn á verkstæði því það lak vökvi undan honum. Ég lýsti áhyggjum mínum og viðgerðarmaðurinn fór vel yfir bílinn en fann ekkert að. Fyrir rælni opnar hann pallinn á bílnum og sér þá kassa af bjór sprunginn, mig langaði að hverfa á þessu augnabliki.

að leggjast. Það er líka það eina sem hann kann og það er líka bara alveg nógv því hestar þurfa ekki að kunna allt. Fljótlega fór ég að prófa að velta honum á bakið og það var ekkert mál í rauninni því hann er svo aflslappaður hestur að eðlisfari.

Það er ólýsanleg tilfinning að sitja á maganum á hestinum sínum með alla fætur upp í loft, þar ríkir 100% traust til að þetta sé hægt. Svali hefur komið fram á mörgum sýningum og þá oftast til þess að leggjast niður.

Ég hef líka tekið að mér verkefni í bíómyndum en síðasta mynd sem ég starfaði við var Batman myndin, Justice League, það var alveg magnað ævintýri að taka þátt í því.“

Þessumst reglulega á Löngufjörum

„Ég held að flestir hestamenn séu sammála um máltækið, “kóngur um stund” sem lýsir best hvað hestamennska snýst um. Þegar sviti og tár gleymast í þjálfunarferlinu, hesturinn bætir við sig eða sýnir




6 ÁRA MEÐ MÖRU

Á BRÚÐKAUPS DAGINN



RAGNHEIÐUR OG ÓSK FRÁ HVÍTÁRHOLTI



Á FJÖLLUM

sínar bestu hliðar.

Það er líka gæsahúðatilfinning að vera á hraðskreiðum vígalegum gæðingi í stórbrotinni náttúru. Ég á einn svoleiðis hann Hrímní, við þessumst reglulega um á Löngufjörum. En það er ekkert sem toppar að fara á fjall og smala kindum í Hrunamannafrétt, það er vikuferðalag í fallettri náttúru með góðu fólki.“

Gef sjálfri mér tíma

„Hestarnir taka nánast allan minn frítíma en ég reyni samt að gefa sjálfri mér tíma og rækta eigin líkama. Ég hef prófað ýmislegt, æft bootcamp, hlaupið New York maraþon, gengið á Hvannadalshnjúk og tekið þátt í Íslands móti í hjólræiðum.

Ég tók grunnnámskeið í brasilískri glímu, tekið ýmis konar fönður og hannyrða mála og málað myndir með olíu, svo hef ég líka óbilandi áhuga á garðrækt þannig að þú sérð að það vantar ekkert upp á áhugamálin,“ segir Ragnheiður og hlær er við kveðjumst.



Fjölskyldan, Ari, Ragnheiður, Oddur Carl, Kristján Hrafn og Sigríður Fjóla.

Hundruð litatóna í viðar- og steinaútliti

Opið 8-17 alla daga

Sérpöntum og afhendum á 10-15 dögum!



INGI MÁR GUNNARSSON OG
GUNNAR ÓLAFUR KRISTLEIFSSON

Ingi Már og Gunnar eiga stóran þátt í glæsilegri umgjörð

Sjálfbóðaliðar á ritaraborðinu síðastliðin 40 ár

Mosfellingarnir Ingi Már Gunnarsson og Gunnar Ólafur Kristleifsson hafa unnið ótult sjálfbóðaliðastarf fyrir Aftureldingu síðastliðin 40 ár.

Þeir félagar hafa gengt ýmsum störfum fyrir félagið en þeirra aðalstarf hefur þó verið að sinna ritara- og tímavörslu fyrir handboltadeildina.

„Íþróttahúsið var tekið í notkun 4. desember 1977, ég held að fyrsta klukkan hafi komið í húsið 1978 en það var Búnaðarbankinn í Mosfellsbæ sem gaf Aftureldingu klukkuna, en síðan er nú komin nýr og fullkomnari búnaður í húsið. Við höfum meira og minna sinnt þessu starfi síðan. Við tókum báðir dómarapróf hjá HSÍ í kringum 1980 og dæmdum mikið fyrir félagið og ég dæmdi líka í efstu deild á Íslandi,“ segir Ingi Már.

Æfðu báðir með Aftureldingu

„Við vorum náttúrulega báðir að æfa hérna bæði handbolta og fótbolta og spiluðum fyrir félagið, svo þróast þetta út í það að við tókum að okkur dómgæslu og svo ritara- og tímavaraðastörf.

En síðan árið 2000 þá má eiginlega segja að við höfum verið á ritaraborðinu fyrir stákana og svo núna síðust árin líka í kvennaboltanum,“ segir Gunnar. En þeir félagar segja að þetta gefi þeim mikið, að þeir hafi kynnst mörgu skemmtilegu fólki í kringum þetta starf en fyrst og fremst finnst þeim þetta rosalega gaman.

Boðið á heimsmeistaramótið í Katar

Síðastliðin 15 ár hafa þeir Ingi Már og Gunnar starfað á ritaraborðinu fyrir HSÍ á landsleikjum og öllum stórum leikjum sem HSÍ sér um. „Það hefur líka verið sjálfbóðaliðastarf en árið 2015 þá var okkur boðið á vegum HSÍ á HM til Katar. Það var í raun þannig að allar þátttökupjódírnar fengu



HAMANGANGUR AÐ VARMÁ

að bjóða 20 manns á mótið og hvert sér-samband hafði frjálst val um það hverjum þeir buðu. HSÍ tók þá ákvörðun að bjóða sjálfbóðaliðum sem höfðu unnið fyrir sambandið og nokkrum styrktaraðilum.

Þetta var ógleymanleg ferð en þarna vorum við á fimm stjörnu hóteli með öllu inniföldu, vorum keyrðir fram og til baka á alla leiki og dekrað við okkur á allan hátt,“ segir Ingi Már.

Höfum gaman af þessu ennþá

„Það má eiginlega segja að þetta hafi verið bestu launin eða viðurkenningin sem við höfum fengið fyrir okkar sjálfbóðaliðastarf, þetta var algjörlega ógleymanlegt ævintýri.

Maður hefur verið tengdur handbolta og Aftureldingu meira og minna alla ævi og það hefur verið gaman að fylgjast með og upplifa allar þessar breytingar sem hafa verið hér á Varmásvæðinu á þessum tíma.

Við höfum nú stundum grínast með það hvort að það sé ekki kominn tími til að hleypa að yngri og ferskari mönnum, en á meðan við höfum gaman af þessu þá höldum við áfram,“ segir Gunnar að lokum.



Allt íþróttastarf fellur niður á næstunni

Vegna hertra sóttvarnaraðgerða sem tóku gildi þann 25. mars fellur allt íþróttastarf á vegum Aftureldingar niður næstu vikurnar. Staðan verður uppfærð á heimasíðu Aftureldingar þegar nýjar fréttir berast.



BIRKIR BENEDIKTSSON

Birkir Ben með nýjan samning

Birkir Benediktsson hefur skrifað undir nýjan samning við handknattleiksdeild Aftureldingar til næstu tveggja ára. Birkir hefur verið í hópi öflugustu handknattleiksmanna Olís-deildarinnar síðustu ár og burðarás í liði Aftureldingar í fjölda ára.

„Birkir hefur gengið í gegnum erfið meiðsli uppá síðkastið sem hann mun sigrast á. Afturelding mun standa þétt við bakið á Birki í þeirri vegferð sem framundan er og hlökkum við mikið til að sjá hann stíga á völinn aftur þegar sá tími kemur,“ segir Haukur Sörli formaður meistaraflokksráðs karla.

**AFTURELDINGAR
VÖRURNAR
FÁST HJÁ OKKUR**



JAKO
SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



Gleðilega páska

LOPIDESIGN.is



AÐALFUNDUR AFTURELDINGAR

Aðalfundur Aftureldingar 2021 fer fram í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, FMOS, fimmtudaginn 29. apríl kl. 20 ef aðstæður leyfa.

Dagskrá aðalfundarins er:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Ársskýrsla formanns
4. Ársreikningur 2020
5. Fjárhagsáætlun aðalstjórnar 2021
6. Heiðursviðurkenningar
7. Kosningar:
 - a) Kosning formanns
 - b) Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varamanns
 - c) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar
 - d) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda
8. Önnur mál og ávarp gesta
9. Fundarslit

Við hvetjum félagsmenn til að fjölmenna og taka þátt í að gera gott félag enn betra.

GERUM TILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU



ERUM AÐ
TAKA NIÐUR
PANTANIR
FYRIR
SUMARIÐ

- NÝSMÍÐI
- VIÐHALD
- BREYTINGAR
- GLUGGAR OG GLER
- PALLASMÍÐI
- ÞAKVIÐGERÐIR
- OG MARGT FLEIRA



ÓLAFUR RAGNAR INGASON
HÚSASMÍÐAMEISTARI

Löggiltur húsasmíðameistari
og byggingastjóri

SÍMI 766 7876 • ORSMIDI@ORMIDI.IS

STEINA EYJAN



BIRKIR OG EYÞÓR

HÉR TIL AÐ VELTA ÞUNGUM SEM LÉTTUM STEINUM

STEINAEYJAN LÍNDALCUTZ 270 FINEST FADE

Jæja, kærur Mosfellingar! Spennið á ykkur sætisólarnar því við í Steinaeyjunni náðum viðtali við BESTA klippara landsins. En jú við erum að sjálfsögðu að tala um hann LindalCutz eða aka Ægir Línal. Steinabræður geta vottað það að hann er Picasso með skærin.

Jæja, Ægir, hvað segir geitin?

Brakandi ferskur, datt í smá jarm áðan það kemur stundum fyrir.

Telur þú þig vera næsta Zohan?

Það mun náttúrulega enginn komast með tærnar þar sem hann er með hælana, hann er geitin en ég er að færast nær honum með degi hverjum.

Hvað hefurðu verið lengi að klippa?

Byrjaði í mars 2020. Aldrei lítið til baka eftir það og hefur lífið mitt umturnast. Það er gífurleg eftirspurn eftir mér og hef ég gaman af því. Það vantaði ungan og ferskan klippara inn á markaðinn og er ég kominn til að vera.

Er best að koma til þín í klippingu í Mosó?

Steinabræður, við getum orðað það þannig að ef þið



viljið komast á bak, strákar, myndi ég koma í fade til mín. Ég býð upp á kaffi og sígó á meðan ég klippi.

Hver er helsta role módelið þitt í klippi-bransanum?

OVOCutz, Kalli Berndsen og að sjálfsögðu geitin Zohan.

Hver er frægasti maðurinn sem þú hefur klippi?

Ég hef klippið marga þekktu í samfélaginu en það sem kemur svona efst upp í hugann er Andri Freyr Jónasson snákurinn sjálfur, MoneyBin (Brynjar Vignir Sigurjónsson) og að sjálfsögðu Steinaeyju-bræður.

Hver er með skitugasta hárið sem þú hefur klippi?

Það er allan daginn Magnús Smári, ég fann eina, tvær lýs líka.

Hvað telur þú þig hafa fram yfir aðra klippara?

Sterka rót, glæsilegt hár, ósérhlífni, fallett útlit og svo náttúrulega frábært happy ending.

Hvern ætlarðu að kjósa í næstu bæjarstjórnarkosningunum?

Alla vegu ekki Halla minn, kys örugglega Ásgeir Sveins (pabba Hilmars) en held með Birki Ágústssyni að sjálfsögðu.

KVARTANIR OG LEIÐINDI SENDIST Á NETFANGID STEINAEYJAN@GMAIL.COM



Kjallarinn

Opin tónlistaraðstaða fyrir ungmenni í Mosfellsbæ.

 @kjallarinn_mos

bolid.is/kjallarinn



Davíð Gunnlaugsson úr GM hlýtur viðurkenningu PGA

Davíð valinn PGA golfkennari ársins

Íþróttastjóri Golfklúbbs Mosfellsbæjar, Davíð Gunnlaugsson, var á dögunum valinn PGA golfkennari ársins. Það eru PGA samtökin á Íslandi sem standa árlega fyrir þessu kjöri og varð Davíð hlutskarpastur.

Þetta er mikil viðurkenning fyrir Davíð sem er vel að þessu kominn. Þetta er í fyrsta sinn sem PGA kennari ársins kemur úr röðum GM.

Á myndinni má sjá Davíð Gunnlaugsson og Ólaf Björn Loftsson framkvæmdastjóra PGA en afhendingin fór fram á aðalfundi PGA á Íslandi. Félagsmenn tilnefna kennara ársins og í efstu sætunum lentu: (í stafrófsröð) Arnar Már Ólafsson, Davíð Gunnlaugsson, David Barnwell, Heiðar Davíð Bragason, Hlynur Geir Hjartarson, Ragnhildur Sigurðardóttir og Snorri Páll Ólafsson.



Samhæfum og tryggjum
DAVÍÐ OG ÓLAFUR BJÖRN ÍSL
VIÐ AFHENDINGUNA



MOSFELLSBÆR

Hreinsunaráttak í Mosfellsbæ

VORIÐ ER Á NÆSTA LEITI

Dagana 15. apríl – 6. maí verður hreinsunaráttak í Mosfellsbæ enda vorið á næsta leiti. Á því tímabili eru íbúar Mosfellsbæjar hvattir til að huga að umhverfinu og hreinsa í kringum hús sín og næsta umhverfi.

Hreinsun gróðurs og lóða

Meðan á hreinsunaráttakinu stendur er gott tækifæri fyrir íbúa að taka til hendinni í garðinum og snyrta runna og beð og eru þeir sérstaklega hvattir til að klippa hekk og tré sem ná yfir gangstéttir og stíga.

Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á þessu tímabili í hverfum bæjarins á eftirtöldum stöðum:

- Holta- og Tangahverfi – *Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)*
- Höfða og Hlíðahverfi – *Vörubílastæði við Bogatanga*
- Teiga- og Reykjahverfi – *Skarhólabraut ofan Reykjavegar og við Sunnukrika*
- Hlíðartúnshverfi – *Við Aðaltún*
- Helgafellshverfi – *Efst í Brekkulandi og við Snæfríðargötu*
- Leirvogstunga – *Á stæði við stoppistöð á Tunguvegi*
- Mosfellsdalur – *Á bílastæði við Þingvallaveg*

Allir íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að taka þátt í hreinsunaráttaki Mosfellsbæjar og hjálpast að við að gera bæinn fallegan og snyrtilegan fyrir sumarið.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is

Gatna- og stígahreinsun

Á þessu tímabili mun einnig fara fram þvottur og sópun gangstétta og gatna bæjarins. Í fyrstu verða stofngötur og stígar ásamt stofnanaplönum sópuð og í framhaldi verður farið inn í hverfi bæjarins og verða merkingar settar á áberandi staði áður en sú vinna hefst. Til að þetta verði sem best gert þurfum við á aðstoð íbúa að halda með því að leggja ekki ökutækjum eða öðrum farartækjum á götum eða gangstéttum meðan á hreinsun stendur. Enn fremur eru bæjarbúar hvattir til að hreinsa í kringum híbýli sín og fá aðstoð starfsmanna þjónustumiðstöðvar í síma 525-6700 til að fjarlægja bílhæ og stærri hluti.


Eftirtalda daga verða gatnahreinsunarmenn að störfum í hverfunum. Gangstéttar og götur þvegnar og sópaðar.

- 12. apríl - Reykja og Krikahverfi
- 13. apríl - Teiga og Helgafellshverfi
- 14. apríl - Holtahverfi
- 15. apríl - Tangahverfi
- 16. apríl - Hlíða og Hlíðartúnshverfi
- 19. apríl - Höfðahverfi
- 20. apríl - Leirvogstunguhverfi

HREINSUNARDAGAR Á OPNUM SVÆÐUM 16. – 18. APRÍL

Helgina 16. – 18. apríl verður ráðist í hreinsunaráttak á opnum svæðum bæjarins og meðfram nýbyggingarsvæðum. Afturelding og skátafélagið Mosverjar munu að venju aðstoða við hreinsunina og taka vel til hendinni.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar





Raftækja- og tímalaus útilega

Dróttskátarnir í Mosverjum fóru í útilegu í Lækjarbotnaskála helgina 12.-14. mars ásamt dróttskátum úr Skjöldungum og Ægisbúum í Reykjavík. Hér kemur frá-sögn frá þrem Mosverjum sem vildu deila með ykkur upplifun sinni af helginni.

Yfir helgina gerðist margt og mikið. Útilegan var raftækja- og tímalaus sem lagði áherslu á að lifa í núinu og að draga úr stressi. Þegar spurt var um tíma var alltaf svarað "korter í sjö", vegna þess að klukkan í Ægisbúaheimilinu var föst á þeim tíma í 10 ár. Það var nokkuð pirrandi en á sama tíma fyndið.

Skálinn var mjög snyrtilegur og vel um genginn. Með honum fylgdi rennandi vatn, nothæf klósett og rafmagn. Við eyddum miklum tíma úti í leikjum eða inni að spila og vingast við aðra skáta. Hvert félag sá um einn stóran leik sem allir gátu tekið þátt í. Við, Mosverjar, vorum með næturleik rétt eftir komu okkar á föstudaginn. Í honum áttum við að finna stað í grennd við skálann, kallað hreiður, þar sem við földum litaða steina sem við kölluðum egg. Markmið leiksins var að finna hreiður annarra og stela eggjum frá þeim.

Morguninn eftir vorum við vakin með dúndrandi tónlist í risastórum hátölurum en í þetta sinn var það þó ekki hin týpíska Latabæjartónlist. Eftir morgunverð fórum við í tveggja tíma göngu og stoppuðum á

eins konar leikvelli. Þar lékum okkur og fórum svo í leik sem Skjöldungar voru með sem kallast "Capture the flag".

Markmið hans er að tvö lið eru með stað fyrir fánann sinn og reyna svo að stela fána hins liðs. Svo gengum við aftur í skálann og fengum mjög langan frjálstan tíma. Eftir það fórum við í Löggu og bófa í umsjón Ægisbúa. Þá var okkur boðið upp á pylsur og við byrjuðum kvöldvökuna.


Í henni var hvert félag með atriði og við sungum og dönsuðum aðeins saman. Tveir aðilar áttu afmæli yfir helgina þannig sungið var fyrir þá og þeir fengu köku. Upp úr þurru koma skátaforingjar klæddir í hermannabúningum og stálu Skjöldungaforingjanum Signýju. Við fengum þá verkefnið að finna hana og fengum vísbendingu hjá henni hvert ætti að fara næst. Þá enduðum við fyrir utan lítinn helli og þar voru nýir skátar vígðir. Við fórum þá aftur í skálann þar sem maður gat valið að hafa það rólegt eða dansa við sturlaða tónlist.

Næsta dag vöknudum við á okkar eigin hraða og byrjuðum að pakka niður og þrifa skálann. Þegar það allt var búið fengum við loksins að vita tímann og við fórum í nokkra leiki. Foreldrar/forráðamenn sóttu okkur um eittleitið og þá var útilegunni lokið.

- Takk fyrir okkur, Eberg, Kristófer og Óliver.



Sérhæfum okkur í prentun á persónulegum gjöfum
- púðar - veggplattar - ísskápsseglar -



Kíkið á okkur á Facebook - roskvinnustofa@gmail.com




MOSFELLSBÆR

Deiliskipulagsbreyting 4. áfanga Helgafellshverfis

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Helgafellshverfi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umrætt svæði er nýr íbúðasvæði suðaustast í Helgafellshverfi sunnan nýs Skammadalavegar. Breytingin felur í sér að tæplega 1 ha. spilda sunnan Sauðhóls bætist við skipulagssvæðið. Íbúðum fjölgar um 10 í hverfinu ýmist sem einbýli eða íbúðir í fjölbýli. Fjölbýli nyrst breytast líttilega. Hliðrun á nokkrum raðhúsum. Ný húsagerð einbýlis á tveimur hæðum skilgreind í greinargerð. Minniháttar breytingar eru á flestum götum og gangstéttum. Gildandi skipulag var staðfest 29.04.2020.



Smækkuð mynd af breytingu

Tillagan verður aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, mos.is/skipulagsauglysingar, og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þeir sem vilja geta kynnt sér hana og gert athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á skipulag@mos.is.

Athugasemdafrestur er frá 1. apríl 2021
til og með 16. maí 2021.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



Verður byggð blokk í bakgarðinum hjá þér?

Þegar fólk kaupir sér húsnæði er að mörgu að hyggja. Byggingin þarf að uppfylla lög og reglugerðir en því miður virðast allt of margir gallar koma í ljós eftir að eigendur taka við fasteign. Margir slíkra galla eru á ábyrgð hönnuða, byggingastjóra eða meistarara.



flokkurinn hefur líka verið fylgjandi breytingum á deiliskipulagi hverfa sem eru óbyggð enda vita fasteignakaupendur þar að hverju þeir muni ganga.

Það er nefnilega raunin að þegar verið er að gera breytingar er of algengt að horft sé til gróðasjónarmiða vertaka. Rökin sem beitt er geta verið að markaðurinn kalli eftir tilteknum stærðum eigna og því sé eðlilegt að fjölga íbúðum. Yfirleitt fylgja slíkum fullyrðingum engin gögn.

Greiningardeild Ríkislögreglustjóra gaf út skýrslu um skipulagða brotastarfsemi 2019. Í skýrslunni var vitnað í Noreg og ástandið þar.

„Í kafla um spillingu á bæjar- og sveitarstjórnarstigi segir að sakamál síðustu ára gefi til kynna sérstaka áhættu á spillingu í tengslum við leyfisveitingar vegna skipulagsmála og byggingaframkvæmda. Sú hættu sé fyrir hendi að starfsmenn á bæjar- og sveitarstjórnarstigi ýmist reyni að hagnast á aðstöðu sinni með tilliti til leyfa vegna framkvæmda eða þeim séu boðnar mútur. Fjallað er um að framferði sem almenningur upplifi sem siðleysi og spillingu á þessu sviði stjórnsýslunnar þurfi ekki nauðsynlega að fela í sér lögbrot. Sagt er frá rannsókn á vegum samtaka sveitarfélaga í Noregi árið 2018. Í henni kváðust 85% stjórnenda á bæjar- og sveitarstjórnarstigi telja spillingu „litla eða mjög litla“ á þessu sviði opinbers reksturs. Í sömu könnun sögðu 13% þátttakenda að þeir hefðu á síðustu 12 mánuðum orðið fyrir þrýstingi um að hygla sérstaklega tilteknum aðilum í störfum sínum.“

Vonandi stöndum við okkur betur en Noregur.

Jón Pétursson, fulltrúi Miðflokksins í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar



BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI



ÚTIVISTAR- REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega lengst vera úti til kl. 22

13 – 16 ára börn mega lengst vera úti til kl. 24



MOSFELLSBÆR



www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglunum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla,- íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

FORELDRARÖLT

Þar sem vorið er á næsta leiti þykir okkur vert að minna á foreldrarölt Mosfellsbæjar, með hækkandi sól fylgir aukinn áhugi barna og unglinga á útiveru seint um kvöld.

Foreldrafélög Mosfellsbæjar ásamt félagsmiðstöðinni Bólinu standa fyrir foreldrarölti í Mosfellsbæ. Gengið er á kvöldin um helgar frá þremur skólum bæjarins, Varmárskóla, Lágafellsskóla og Helgafellsskóla.

Með þátttöku í foreldrarölti kynnist þú öðrum íbúum Mosfellsbæjar. Einnig hefur þú góð áhrif á bæjarbraginn og það félagslega umhverfi sem börnin okkar búa í. Nærvera fullorðinna þar sem unglingar hafa safnast saman hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Slík nærvera gefur unglungum líka tækifæri til að leita aðstoðar fullorðinna ef á þarf að halda.

Öryggi Mosfellsbæjar er á okkar ábyrgð og því færri óæskilegar hópamyndanir og því meiri sýnileiki fullorðinna er góð forvörn gegn notkun vímuefna, einelti og ofbeldi. Allir þessir hlutir ógna öryggi bæjarins sem hefur hugsanlega bein eða óbein áhrif á okkur öll. Allir geta tekið þátt í foreldrarölti, líka þeir sem eru ekki foreldrar eða eiga uppkomin börn.

Við viljum hvetja foreldra og alla þá sem er annt um börn og bæinn okkar að kíkja inn á Facebook síðu röltins „Foreldrarölt í Mosfellsbæ“ og skrá sig. Þó svo skráningarsíðurnar séu sérstaklega merktar ákveðnum bekkjum er öllum, sem vilja taka þátt, frjálst að skrá sig á hvaða kvöld sem er.

Hlökkum til að sjá þig á röltinu.

SAMMOS

SAMTÖK FORELDRAFÉLAGA
GRUNNSKÓLA MOSFELLSBÆJAR




BESTA PLATAN

Heilsa er ekki bara að sofa, borða og hreyfa sig. Heilsa snýst um miklu meira. Viðhorf til lífsins til dæmis. Það er hægt að skrolla sig í gegnum lífið með neikvæð gleraugu á nefinu og finna öllu og öllum allt til forráttu. En það er líka hægt að fara hina leiðina, einbeita sér að því að gera hluti sem maður hefur gaman af. Þríeykið sem heldur úti hlaðvarpinu „Besta platan“ er í seinni flokknum.

Þeir Skálmaldarbræður Baldur og Snæbjörn og félagi þeirra, doktorinn Arnar Eggert, ræða saman í þessum hlaðvarpsþáttum um hljómsveit eða listamann og fara aðallega yfir þá plötu sem Snæbjörn leggur upp með að sé besta plata viðkomandi. Ég hef mikið verið að hlusta á þessi þætti undanfarið – yfirleitt þegar ég er að iðnaðar-mannast eitthvað heima hjá mér. Vinnan flýgur áfram undir spjalli og stundum söng þessara herramanna. Það skín sterkt í gegn hvað þeir hafa gaman af því sem þeir eru að gera og að vera saman.

Það er sömuleiðis greinilegt að þeir tækla hvert viðfangsefni af virðingu og heiðarleika. Og gera oft grín að sjálfum sér fyrir að hafa þegar þeir voru yngri verið fullir af fordómum og fyrir að hafa „haldið með“ ákveðinni hljómsveit og litid niður á aðra af því að umhverfið sem þeir voru í nánast krafðist þess. Allir hafa þroskast upp úr því og eru óhræddir að viðurkenna hvað þeim þykir gott og skemmtilegt, sama hvaðan það kemur og hvað það heitir.

Það er ótrúlega heilsueflandi þegar covidíð heldur áfram að stríða okkur, jörð skelfur eða logar og íslensku landsliðin okkar í fótbolta tapa öllu sem þau komast í, að slökkva á fréttum, útvarpi og umhverfinu eiginlega og velja sér í staðinn skemmtilegan þátt í „Bestu plötunni“. Við höfum alltaf val, við getum valið skemmtilegu leiðina í lífinu. Ég mæli með henni!



Guðjón Svansson
gudjon@kettlebells.is

Tökum höndum saman

Kannanir á líðan barna og unglinga á covid tímum sýna að full ástæða þykir að beina betur sjónum að unglungum okkar.

Nú takast fjölskyldur á við afleiðingar faraldurs og þeirra aðstæðna sem hafa skapast. Íþróttá- og tómstundastarf hefur fallið niður og miklar takmarkanir verið á félagsstarfi unglinga en við þær aðstæður er hætta á að við taki eirðarleysi og einmanaleiki. Ýmislegt er til ráða og mikilvægast af öllu að taka höndum saman – það getum við Mosfellingar.

Niðurstöður kannana

Í febrúar ár hvert leggur Rannsókn og greining könnun fyrir nemendum í 8. – 10. bekk og hefur það verið gert sl. 10 ár. Í þessum könnunum er m.a. spurt um líðan, notkun tóbaks og vímuefna, vináttu, samskipti við þeirra nánustu og fleira. Ávallt er rýnt í niðurstöður og brugðist við.

Nýjustu niðurstöður hafa verið kynntar í nefndum bæjarins, í skólum og fyrir foreldrum en niðurstöður sýna að það fjölgar í hópi unglinga sem neyta áfengis og tóbaks.

Á síðustu mánuðum hefur starfsfólk sem starfar með unglungum orðið vart við að

neysla sé að aukast í fleiri hópum. Nikótín í umbúðum sem líta út eins og saklausir tyggjópakkar, auðvelt aðgengi að vímuefnum og óþekktur félagskapur eru merki sem foreldrar ættu að vera vakandi yfir.

Vert er að taka fram að langflestir unglungarnir hér í Mosfellsbæ eru sannarlega til fyrirmyndar en má ekki loka augunum fyrir því að fjölgað hefur í þeim hópi unglinga sem neyta áfengis og tóbaks. Við því þarf að bregðast.

Ýmislegt til ráða

Til að bregðast við þessum niðurstöðum hafa foreldrafélagin, grunnskólarnir, skóláþjónustan í Mosfellsbæ, félagsmiðstöðin Bólið og barnavernd tekið höndum saman og hafið nú þegar ýmsar almennar aðgerðir.

Má t.d. nefna að foreldrarölt er hafið að nýju, sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglinga í félagsmiðstöðinni og að lögreglan í samstarfi við barnavernd hefur hitt nemendur elstu deildar í Varmárskóla og Lágafellsskóla

Í Mosfellsbæ er mikið framboð af fjölbreyttu íþróttá- og tómstundastarfi og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fristundastyrkir eru í boði fyrir börn og



unglinga og er nú í boði sérstakur styrkur fyrir efnaminni heimili.

Glyeðum þó ekki að öflugasta forvörnin fer fram við eldshúsborðið þar sem spjallið fer fram og traustið er eft. Einnig er mikilvægt að foreldrar innan vinahópanna þekki og tali saman, en það kemur til góðs ef upp kemur vandi.

Bæjarfélagið og allir þeir sem með börnum okkar starfa leggja sig fram við að hjálpa unglungum sem aðstoðina þurfa. En á endanum er ábyrgðin alltaf foreldranna og mikilvægt að sjá þegar hættumerkin fara að blikka. Spyrjum spurninga, opnum augum og þorum að vera foreldrar. Þannig gætum við að velferð unglunganna.

Rafrænn íbúafundur með foreldrum í Mosfellsbæ

Að lokum viljum við benda á að fimmtudaginn 8. apríl mun Mosfellsbær standa fyrir rafrænum íbúafundi á fésbókarsíðu bæjarins þar sem boðið verður upp á áhugaverða fyrirlestra og hvatningu til foreldra undir yfirskriftinni „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Við hvetjum foreldra til að taka þátt í verkefninu og standa um leið að velferð barna sinna.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir form. fræðslunefndar Rúnar Bragi Guðlaugsson form fjölskyldunefndar Sturla Sær Fjeldsted form. Íþróttá- og tómstundaneftdar

Það er best að búa í Mosfellbæ!

Ekki alls fyrir löngu þá barst mér skoðanakönnun sem fjallaði um upplifun mína á því hvernig mér fyndist að búa á þeim stað sem ég bý. Að mínu mati þá var ekki erfitt að svara þeim spurningunum öllum í þá veru að hvergi á jarðri er betra að búa en í Mosfellsbæ.

En eftir á að hyggja þá fékk ég bakþanka vegna þess að marg oft hef ég orðið var við það að pólitíkusar bæjarins veifi þessari skoðanakönnun sem merki um eigið ágæti og afrek og þess vegna vil ég hér með koma því á framfæri að það er ekki vegna þeirra afreka sem ég svaraði þessari skoðanakönnun eins og ég gerði eða að það er hvergi betra að búa en í Mosfellsbæ. Ég tala svo nú ekki um umhverfið og náttúruna!

Ég bý í þeim hluta Mosfellsbæjar sem oft er kallað olnbogabarn Mosfellsbæjar eða í Mosfellsdal. Nafnið dregur sennilega taum af því að við erum oftast síðust í röðinni þegar kemur að ýmsum framkvæmdum á vegum bæjarins og drifa ekki öll þau gæði sem bærinn veitir bæjarbúum upp í Mosfellsdal einhverra hluta vegna.

Af mörgu er hægt að taka hvað þetta varðar og töluvert misræmi sem er á milli Mosdælinga og annara bæjarbúa og má t.d. nefna að til stóð að leggja ljósleiðara um allt bæjarfélagið og var sá samstarfssamningur undirritaður fyrir nokkrum árum í votta viðurvist og smellt mynd af virtum bæjarpólitíkusum og forstjórum og birt hér í þessu ágæta blaði.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun þá var Mosfellsdalur síðastur í röðinni. Þegar kom svo að Mosfellsdal þá kom babb í bátinn.



Fyrirtækið Míla var ekki tilbúið að leggja ljósleiðara um Mosfellsdal vegna þess að það þótti ekki hagkvæmt og ekki bisset fyrir fyrirtækið þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar að það skyldi leggja ljósleiðara um allt bæjarfélagið og viljayfirlýsingu þar um. Var brugðið á það ráð að sækja um dreifbýlisstyrk til Fjarskiptasjóðs til að fjármagna verkefnið í ljósi átaksins „Ísland ljóstengt“. Fékkst styrkur sem miðast af því að þeir sem ekki hafa kost á því að tengjast ljósneti gætu fengið styrk.

Efla verkfræðistofa var fengin í það að skipuleggja verkefnið og komast að því hverjir væru styrktarhæfir og hverjir ekki. Virðist vera að þeirra vinna hafi verið fólgin í því að fara inn á heimasíðu Mílu og slá inn heimilisföngum hverjir gætu hugsanlega tengst ljósneti og hverjir ekki og niðurstaða fengin samkvæmt því með frekar óvísindalegum niðurstöðum.

Niðurstaða bæjarfélagsins var sú að þeir sem væru styrktarhæfir greiddu 125 þúsund og óstyrktarhæfir greiddu 375 þúsund krónur til að fá ljósleiðara. Míla mátti svo sjálft velja eftir eigin geðþótta úr þau heimili sem gátu fengið tengingu á lægra gjaldinu burt séð hvort styrkur fengist eða ekki. Nú spyrja margir af hverju ættu íbúar Mosfellsdals að greiða eitthvað umfram aðra sérstaklega í ljósi þess að allir aðrir íbúar greiddu ekki neitt, en svona er nú að vera olnbogabarn Mosfellsbæjar.

Mikil áhersla var lögð á það af hálfu íbúafélagsins Víghóls að bæjarfélagið sem hafið yfirumsjón og var ábyrgðaraðili á framkvæmdinni framkvæmdi þetta allt í

nánu samstarfi við íbúa og íbúasamtökin. Ekki er hægt að segja að það hafi verið gert með nokkrum hætti og allar ákvarðanir teknar í reykyfylltu bakherbergi og svo að lokum tilkynnt hvernig þetta ætti allt saman að vera.

Það sjá það allir að hér er ekki um opið og sanngjarnt ferli að ræða og samkvæmt skoðanakönnun sem íbúafélagið gerði á meðal íbúa þá hefðu þeir sjálfir kosið, af því á annað borð væri gjaldtaka, að þá yrði hún jöfn og sama greiðsla sem öll heimili greiddu jafnt.

Einnig vildi fólk að Mílu hefði ekki verið gefið opið leið að bjóða eftir eigin geðþótta betri kjör á tengingu til einstakra heimila. Þetta endurspeglar heilbrigðan hugsunarhátt hjá íbúum Mosfellsdals sem er að skipting á einhverjum gæðum skuli skipt með jöfnum og réttlátum hætti á milli allra íbúa dalsins.

Eins og ferlið var framkvæmt þá er það allt mjög ámælisvert og allt til þess fallið að skapa sundrung á meðal íbúa. Hið gagnstæða gerðist hins vegar sem var að þetta þjappaði fólk frekar saman í því að fordæma svona vinnubrögð og munum við leggja mikla áherslu á í framtíðinni að allar ákvarðanatökur verði gerðar í sátt og í samvinnu við íbúa í gegnum íbúasamtökin.

Já, gott fólk! Það er þess vegna sem það er best að búa í Mosfellsbæ. Það er vegna þess að íbúar Mosfellsdals- og bæjar er gott og réttlátt fólk og niðurstöður allra kannana um hvar best er að búa hefa bara alls ekkert með bæjaryfirvöld eða pólitíkusa að gera.

Guðmundur Hreinsson Greinarhöfundur situr í stjórn Víghóls íbúasamtaka Mosfellsdals.

Fasteignasala Mosfellsbæjar
Sími: 586 8080
www.fastmos.is

ARTPRO
PRENTÞJÓNUSTA
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200
www.artpro.is

Bilapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir
Sími: 587 7659
Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

Stöðuuppfærslur
in your face

Sigríður Rún
Við fjárfestum í ryksuguróbot. Hún heitir Stella og þrífur töluvert betur en við! Hún er líka ökuniðingur og hræðir dýrin en Stellu er sama og sendir mér sms þegar hún er búin að ryksuga! Mér finnst hún bara mjög dugleg og enginn annar í þessari fjölskyldu sendir mér sms þegar hann er búinn að þrifa!!! just sayin ...

7. mars

Vilborg Sigurðardóttir
Komin heim eftir viðburðaríka daga hjá okkur Gísla. Á mánudaginn gekk salan á húsinu okkar í gegn, við rukum upp á land í gær og keyptum okkur íbúð og svo heim til Eyja aftur í dag. Sjáumst fljótlega minn gamli heimabær, Mosó <3

24. mars

Lárus Haukur Jónsson
Það er enn einu sinni búð að loka kallinn inni, allir sem voru að hugsa um að heimsækja mig verða að fresta því hahaha.

24. mars

Hjalti Árnason
Árni Sýknaður

12. mars

Jón Smári Pétursson
Ekki hafa áhyggjur af mér gott fólk. Ég er líka búinn að kíkja á eldgosid. Ef þið viljið myndir sendið mér skilaboð. Annars er eitthvað af myndum á netinu.

29. mars

Bubbi Morthens
Lífið þessa dagana er guðlaust án gleði eða nei annars guðlaust fullt af reiði hófadynur í eyrum hófspor í hjarta þínu brennisteins þefur í nösnum lífið þessa dagana er án lýðræðis tálgað af þér uns þú stendur nakin fyrir framan sjálfum þér lífið þessa dagana hefur yfirgefið þig

24. mars



facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510


Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!
7799760 Sumarliði / Gíslí 7799761



GARDMENN

...gerum garðinn frægan!

Við sinnum öllum alhliða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.

Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.

Sími 893 5788

MG Lögmenn ehf.

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Innheimtur

Sala fasteigna

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

Þú finnur öll blöðin á netinu
WWW.MOSFELLINGUR.IS



BE HAPPY
Stúdíó

ÞVERHOLT 2
8623782

Tek að mér allskyns sauma verkefni.
Fataviðgerðir, breytingar o.fl.

Alla virka daga 9:00 - 18:00



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐUNNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★


Auðbrekku 27. Kópavogi 554 2510
www.bilasprautun.is



GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042



FAGVERK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR...

...að Ísólfr í Hlégarði sé orðinn nýr umboðsmaður Bubba Morthens.

...að hljómsveitin Kaleo sé nú sú mest spilaða af íslenskum tónlistarmönnum á Spotify eftir að hafa tekið fram úr Of Monsters and Men.

...að Karen og Lexi eigi von á tvíburum í sumar.

...að eigendur Brúneggja séu að stefna RÚV og Matvælastofnun vegna umfjöllunar um fyrirtækið fyrir fjórum árum.

...að Allt Fasteignasala sé að hreiðra um sig í Kjarnanum þar sem Íslandsbanki var eitt sinn.

...að Bjarki Bjarna sækist eftir 4.-5. sæti í forvali VG í Suðvestur fyrir Alþingiskosningarnar.

...að Hafrún og Þrándur eigi von á sínu þriðja barni.

...að Davíð Gunnlaugs hafi á dögunum verið valinn PGA golfkennari ársins á Íslandi.

...að Skátarnir séu byrjaðir með páskaáskorun á fellin.

...að búið sé að stofna rafíþróttadeild innan Aftureldingar.

...að knattspyrnukonan Hafrún Raket hafi verið valin í landsliðshóp Íslands fyrir næsta verkefni.

...að efnt hafi verið til samkeppni um nafn á eldri deild Varmáskóla sem brátt verður aðskilin frá þeirri yngri.

...að Jóhann Ingi og Sif Gunnars eigi von á barni.

...að Mosfellsbær auglýsa nú eftir skólastjórum í bæði Varmáskóla og í Listaskólann.

...að maður hafi ógnað starfsfólki Mosfellsbæjar fyrir helgi og lögreglan verið kölluð til. Öryggisvörður hefur staðið vaktina síðan en þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist.

...að myndband af félögum úr blakdeild Aftureldingar taka æfingu við gosstöðvarnar hefur farið á mikið flug um allan heim.

...að verið sé að stela gaskútum í Leirvogstungu í skjóli nætur.

...að komin sé af stað páskaáskorun í Tindaáskorun Mosverja.

...að rúmlega 100 hugmyndir séu komnar í Okkar Mosó en skilafrestur er til 6. apríl.

...að vestið hennar Laufeyjar hafi verið brennt á galdrabrennu í kvenna-party í Hönnu Símu.

...að Heilsugæslan sé nú flutt í nýtt húsnæði í Sunnukrikanum.

...að umsóknarfrestur sé til 23. apríl fyrir krakka í unglingsvinnunni í sumar.

...að Svandís eigi afmæli í dag, 1. apríl.

...að næsti Mosfellingur komi út á sumardaginn fyrsta.

...að fótboltastelpunum í Aftureldingu séð spáð upp í Pepsi-deild í sumar ef marka má ótímabæra spá .net.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Sveinbjörn Mar fæddist á Landspítalanum þann 9. febrúar 2021. Hann var 52 cm og 3960 gr. Foreldrar hans eru þau Erla Snædís Sveinbjörnsdóttir og Andri Mar Björgvinsson en fyrir eiga þau Áslaugu Öglu sem er þriggja ára.



Mímír Freyr Árnason fæddist í Björkinni 16. júlí 2020. Hann fæddist 14 merkur og 51 cm. Foreldrar eru Sigurlaug Lilja Jónasdóttir og Árni Rúnarsson. Hann á einn bróður sem heitir Hrafntýr Þór Árnason, fæddur 2. des 2017.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Í eldhúsinu

HJÁ FREYJU OG TÓMASI

Kjöttbollur með beikoni og döðlun.

Freyja Ágústsdóttir og Tómas Þór Þorsteinsson deila hér með okkur gírnilegri uppskrift af kjöttbollum

Hráefni:

- 600 gr nautahakk
- 4 sneiðar beikon
- 1 dl saxaðar döðlur
- 1 dl rifinn ostur
- 1 egg
- 2 dl matreiðslurjómi
- 1 teningur nautakraftur
- salt & pipar

6-8 Kartöflur
Olía
Salt & pipar

Aðferð:

1: Skerið kartöflur í báta og setjið í eldfast mót, veltið upp úr olíu, salti og pipar. Bakið við 180 gráðu hita í u.þ.b. 40 mínútur.

2: Nautahakk, beikon, döðlur, ostur og egg er sett í skál. Öllu blandað saman og kryddað með salti og pipar eftir smekk. Litlar bollur mótaðar með höndunum.


3: Hitið olíu á pönnu og steikið bollurnar á öllum hliðum, færið síðan í eldfast mót og

bakið á 180 gráðu hita í 12-15 mínútur (eða þar til bollurnar eru eldaðar í gegn).

4: Matreiðslurjóma er hellt út á pönnuna sem kjöttbollurnar voru steiktar á og nautakraftur settur út í, látið sjóða svo krafturinn leysist upp. Þegar bollurnar eru teknar úr ofninum er þeim hellt á pönnuna og velt upp úr sósunni og síðan borið fram með kartöflubátum.

Verði ykkur að góðu!

Freyja og Tómas Þór skora á Sverri og Hrefnu að deila næstu uppskrift



VIÐ EIGUM AÐEINS EITT VANDAMÁL

Ef við myndum bara muna að við erum öll Eitt þá er ég viss um að öll heimsins vandamál myndu gufa upp. Það trúa auðvitað ekki allir að við séum eitthvað stærra og meira, handan formsins, og ég ætla ekki að reyna að sannfæra neinn um það. Enda er það óþarfi, punkturinn minn stendur óháð því.

Ok. Ef við ímyndum okkur að ALLIR væru meðvitaðir um að einstaklingur hinum megin á hnettinum geti komið af stað atburðarrás, sem ferðast yfir haf og lönd og hefur áhrif á alla jarðarbúa - þá myndum við 100% haga okkur öðruvísi. Það fæst eflaust ekki skýrara dæmi en raunveruleiki okkar í dag! Heimsfaraldurinn sannar að þrátt fyrir hvað við erum ótrúlega mörg þá erum við náteygð. Þótt við séum í hvert í sínum líkamanum þá erum við ekki raunverulega aðskilin - við erum öll fljóttandi í sömu súpunni. Allt sem við gerum hefur einhver áhrif á alla aðra. Við erum Eitt.

Allt það sem ég geri hefur keðjuverkandi áhrif sem endar alltaf á að koma til baka til mín. Nú geng ég út frá því að innst inni hljóti allir að vilja upplifa frið, vellíðan, hamingju, velgengni og ást á sjálfum sér, öðrum og lífinu. Er þá ekki slæmt fyrir mig að koma illa fram við aðra? Er þá ekki best fyrir mig að koma vel fram við alla, borga fólk mannsemandi laun og ganga ekki of hart á auðlindir náttúrunnar? Því ef ég stuðla að eynd fólks og þjáningum náttúrunnar þá verður til meiri vanlíðan á Jörðinni okkar þar sem ég einmitt bý? Væri ekki galið af mér að trúa að neikvæð háttsemi mín myndi ekki koma í bakið á mér með einum eða öðrum hætti?

Ójafnvægið sem við sjáum í heiminum í dag er afleiðing þess að mannkynið hefur trúð svo lengi á aðskilnað sem leiðir til samkeppni og býr til ímyndaðan skort á auðlindum og ýmsum hlutum sem við teljum okkur þurfa. En í raun er nóg pláss fyrir alla (bæði til þess að búa og fá að vera þeir sjálfir) og nægar auðlindir til þess að öllum líði vel. Ef við gætum bara breytt þessu hugarfari þá yrðu allir öryggir, við myndum deila mat og auðlindum og enginn þyrfti að berjast fyrir samþykki eða eigin tilverurétti!

Hugarfarsbreytingin byrjar innra með mér og þér, enda höfum við ekki raunverulegt vald yfir neinum nema okkur sjálfum. Ef við förum að hugsa og haga okkur eins og við séum öll Eitt munum við í sameiningu á endanum fella tjald hins ímyndaða aðskilnaðar og útrýma þjáningu.

Þvílíkur máttur sem við höfum.



SVANHILDUR STEINARR



Páskaegg úr gæðasúkkulaði
www.mosfellsbakari.is - sími 5666145

SMÁ AUGLÝSINGAR

Stríðsmunir

Óska eftir munum frá stríðsárunum tengdum Mosfellssveit www.fbi.is sími 8225344 Tryggvi.



Nudd

Þjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmjarnaolíu fyrir proseager. Pantíð tíma í síma: 8227750 (Lenka)

Smáauglýsingarnar eru fríar fyrir einstaklinga

mosfellingur@mosfellingur.is

**PÚ GETUR
AUGLÝST
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)



Sendu okkur þína smáauglýsingu í gegnum tölvupóst: mosfellingur@mosfellingur.is



MÓTANDI



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT
22. APRÍL**

Bláðinu er dreift frítt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðlýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



MALBIKSTÖÐIN

Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

FJALS

HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM

AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is

ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



Emil J. Sig

Tek á móti sérþöntunum í landslags olíuverkum og líka hægt að kaupa tilbúna myndir. Reykjavík, 111 sími: 7798337
emiljohann200@gmail.com

Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu

Útvega allt
jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142



**ÖKUKENNSLA
HREIÐARS**

8201616

ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ



B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690

www.bmarkan.is

**FÓTAADGERÐASTOFA
MOSFELLSBÆJAR**

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



BH BÍLAVIDGERÐIR
BÍLHÚSIÐ

www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að gera þegar COVIDIÐ er búið?




ÍRIS LIND:
Spila fótbolta.




LOGI PÁLL:
Djamma og djúsa, ekki spurning.




SÍMON:
Ég ætla beint á fokking Áslák.



MÁNI:
Heimsækja ömmu og afa.



ÁRÓRA: Ganga berserksgang, andskotinn hafi það.



EILÍFUR:
Held áfram að spila tölvuleiki bara.

Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Rótarýafmæli



Klingenberg hjá Hönnu Sími



Prefaldur meistari



Grímmót Harðar



Guð veri með ykkur



Mættir til Póra



Veðikonurnar

TVÍFARAR



Högni Snær



Hjálmar



**ÍSÓLFUR Í HLÉGARÐI
ER NÝR UMBOÐSMAÐUR BUBBA**



NÚ GETUR ÞÚ KOMIÐ Í LITUN SEM TEKUR AÐEINS 9 MÍNÚTUR

Liturinn hentar aðallega í rót og fyrir þá sem vilja 100% lit. Fallegur glans, hylur 100% grátt hár og þarf aðeins 9 mínútur í bið. Þú getur pantað tíma á netinu eða í gegnum NOONA appið.

Sprey Hárstofa
óskar öllum
gleðilegra páska.

Hárstofan
Sprey

Sími 5176677
og á noona.is/sprey

PÁSKALAMBIÐ FÆST Í KJÖTBÚÐINNI



Pantaðu hátíðar-
matinn tímanlega


MIKIÐ ÚRVAL
AF FYLLTUM LAMBALÆRUM
OG LAMBAHRYGGJUM

OPNUNARTÍMI YFIR PÁSKANA

Þriðjudagur 30. mars	10:00-19:00
Miðvikudagur 31. mars	09:00-20:00
Skírdagur 1. apríl	11:00-18:00
Föstudagurinn langi	LOKAÐ
Laugardagurinn 3. apríl	10:00-19:00
Páskadagur	LOKAÐ
Annar í páskum	LOKAÐ



KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is



ÓSKA EFTIR EIGNUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir eignum í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin. Mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu.

Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

Kristinn Sigurbjörnsson Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur
Beinn sími: 560-5502 Netfang: kristinn@allt.is

Nýleg meðmæli:

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

ALLT
FASTEIGNASALA

www.allt.is Sími 560 5500



SKRÚFUKVÖLD Í LEXNESI

Alexander Kárasón (Lexi) hefur í samstarfi við Varmárrskóla staðið fyrir Skrúfukvöldum í skúrnunum hjá sér. Þar koma saman strákar úr skólanum og vinna í sínum áhugamálum sem er síðan metið sem valeyningar. Nánar á bls. 16. Mynd RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið



App Store Google Play

Múlalundur

Glæsileg
ritfangaverslun
í Mosfellsbæ
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR
vinnustofa SÍBS
við Reykjalund, Mosfellsbæ
www.mulalundur.is



Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

Gledilega páska



Davíð Ólafsson
löggiltur
fasteignasali
896-4732

Þjónusta við
Mosfellinga
í yfir 30 ár



ÓSKUM EFTIR EIGNUM
Á SKRÁ VEGNA
MIKILLAR SÖLU



Háholt 14, 2. hæð
588 55 30

